

Freðnir

31. árg. • Mars. 2005 • Nr 76



SOROPTIMISTASAMBAND ÍSLANDS



Efnisyfirlit

Ritstjórnar línur	3
Forsetasiða	4
Skólamenn frá Malavi	5
Dagskrá landssambandsfundar	7
Árskýrsla forseta	9
Tillögur að breytingum	11
Skýrslur nefnda.	11
Skýrsla laganefndar	11
Skýrsla útbreyðslunefndar	12
Skýrsla fjárhagsnefndar	12
Fjárhagsáætlun Sí 2005-2006	13
Skýrsla skólastyrkjanefndar	14
Skýrsla ritnefndar	14
Ársreikningar	15
Efnahagsreikningur	15
Rekstrarreikningur	16
Skýringar með rekstrarreikningi	17
Systrarsjóður	18
Ferðasjóður	19
Frá sendifulltrúum	20
Skýrsla upplýsingafulltrúa	21
Skýrslur verkefnastjóra	21
Alþjóðleg vinátta og skilningur	21
Efnahags- og félagsleg þróun	23
Heilbrigðismál	24
Mannréttindi og staða konunnar	25
Mennta- og menningarmál	26
Umhverfismál	28
Framboð til embætta	29
Hvað gerist við starfslok	30
Gefum okkur tíma	31
Fréttir úr ýmsum áttum	31
Kveðja frá Árbæjarsysturum	32
Fréttir frá Soroptimistaklúbbi Austurlands	32
Vistvernd í verki á Snæfellsnesi	34
Uppskipting félagsgjalds	35
Nýjar systur í Kópavogi	35

Fregnir er fréttablað Soroptimistasambands Íslands
 Heimasiða Soroptimistasambands Íslands er www.soroptimist.is,
 netfang stjórnar er stjorn@soroptimist.is,

Forsíðumynd „Stundum er hart í ári hjá smáfuglunum“: Hólmfríður Pálsdóttir, Kópavogsklúbbi
 Prentvinnsla: Prentsmiðjan Steinmark

Ritstjórnar Línur



Hafdís
Karlsdóttir

Kæru systur,

Eins og venjulega er marsblað Fregna helgað dagskrá, framboðum og skýrslum landssambandsfundar, enda á blaðið að nýtast á fundinum. Munið því að hafa blaðið með ykkur á landssambandsfundinn þar sem engum skýrslum verður dreift þar.

Það er gaman að lesa skýrslurnar yfir og sjá hve mikið og gott starf unnið er í klúbbum, hve konur eru rausnarlegar á tíma sinn og fjármuni og hve mikið er af góðum kynningum í klúbbum: Það besta frá konum, það besta fyrir konur.

Í ár er landssambandsfundurinn haldinn á Seltjarnarnesi þann 16. apríl. Fundurinn byrjar kl. 9:30, eftir að allar hafa skráð sig. Skýrslur þær sem eru hér í Fregnum munu ekki verða lesnar upp á fundinum heldur munu verkefnastjórar og sendifulltrúar leggja út frá friði, en friðarboðskapur Heidrun Konrad „Women building Peace“ er þema fundarins. Þetta er mjög vel til fundið hjá Sigríði Þórarinsdóttur, forseta, þar sem aldrei er of oft vakin athygli á því hvað við getum gert til að leggja okkar af mörkum til að stuðla að friði.

Um kvöldið borðum við saman góðan mat í góðum félagsskap og skemmtum okkur vel.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flestar á landssambandsfundinum, ekki missa af því tækifæri að hitta systur ykkar í öðrum klúbbum og njóta ánægjunnar af því að vera samvistum við hverja aðra.

Hafdís Karlsdóttir
Sigurrós Þórgrímsdóttir
Borghildur Vigfúsdóttir
Hólmfríður Pálsdóttir
Margrét Guðjónsdóttir
Þorbjörg Kristinsdóttir



Hvatning Soroptimista

Sýnum drenglyndi og verum einlægur í vináttu.
Verum reiðubúna til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

Markmið Soroptimista

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:
að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi,
að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna í þjóðfélaginu.

Skilafrestur

í næsta blað Fregna, haustblaðið, er 15. ágúst.
Efni skal skilað á tölvutæku formi,
annað hvort á diskni eða í tölvupósti.
Hafdís Karlsdóttir, Löngubrekku 23, 200 Kópavogi
tekur við efni á netfangið hafdis@in.is

ForsetaSíða



Sigríður
Þórarinsdóttir

Kæru systur.

Ég vil byrja á að þakka ykkur innilega fyrir að gera söfnunina vegna flóðanna í Asíu jafn myndarlega og raun varð á. Það er góð tilfinning sem fylgir því að geta rétt systrum okkar í neyð hjálparhönd. Samtakamáttur okkar sannaði sig einu sinni enn. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka ykkur fyrir sérstaklega skemmtileg og gefandi samskipti þennan tíma sem ég hef setið í embætti forseta. Ég hvet ykkur til að vera duglegar að hafa samband og deila með mér áhuga-verðum hugmyndum og verkefnum og spyrja ef eitthvað er óljóst. Ég lofa ekki að ég geti alltaf svarað um hæl, en ég er reiðubúin að leita svara og saman ættum við að geta ráðið fram úr hlutunum. Góð samskipti eru jú lykilinn að góðu samstarfi.

Þegar þetta er skrifað er eindagi fyrir framboð í embætti hjá landssambandinu nýlega útrunninn. Er mér sönn ánægja að tilkynna að Ásgerður

Kjartansdóttir í Reykjavíkurklúbbi hefur gefið kost á sér sem forseti 2006-2008. Það er mikill akkur fyrir okkur að fá hana í þetta embætti því Ásgerður hefur unnið mjög ötullega fyrir íslenska Soroptimista núna síðast sem fóstur fjögurra ára verkefnisins „Project Independence“. Töluverð vinna hefur farið í að fá konur til að gefa kost á sér í önnur embætti, en sú vinna hefur dreifst á stjórn landssambandsins og formenn klubbanna. Það er deginum ljósara að landssambandið er ekki annað en það sem við gerum það að og besta leiðin til að hafa áhrif er að gefa kost á okkur í embætti.

Ég hef nýlega lokið við að fara yfir skýrslur formanna klúbba og get ég ekki annað en deilt ánægju minni með ykkur. Mikið er þetta góður félagsskapur. Þar kemur svo vel í ljós hvað við höfum mikið frelsi, frelsi til að velja okkur verkefni, láta gott af okkur leiða í okkar nánasta umhverfi og gera það sem okkur finnst skemmtilegt um leið og við erum hluti af stórri heild. Það eru ekki öll félagsamtök svona heppin. Klúbbum er í sjálfsvald sett að hverju þeir vinna aðallega og hafa frjálsar hendur með nýjungar. Það eru verkefnin sem gefa okkur mesta ánægju og þau veljum við sjálfar. Eina skyldan er að geta þeirra í skýrslum. Við erum einnig hvattar til að vinna með öðrum félagsamtökum ef tækifæri gefst. Samtakamátturinn styrkir okkur til góðra verka og þar höfum við stigið eitt skref á alheimsvísu með

samvinnu okkar samtaka og Women for Women International. Hér heima fórum við í samstarf við fjölda félagsamtaka sem UNIFEM á Íslandi hafði yfirumsjón með þegar við tókum þátt í „16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi“. Síðan vinna klúbbar með félagsamtökum á heimavígstöðvum eins og t.d. Mosfellssveitarklúbburinn sem annast þorablót fyrir eldri borgara í samvinnu við fleiri félög. Litum í kringum okkur og athugum hvar kraftar okkur geta komið að notum.

Það er heldur ekkert sem bannar okkur að auglýsa okkur meira út á við. Ég hef oft hugsað um af hverju við berum t.d. merkið okkar ekki alltaf á okkur. Sérstaklega núna þegar þau eru til í svo mörgum útgáfum, jafnvel sem flottustu skartgripir, að hver og ein ætti að geta fundið jafnvel eitt fyrir hvert tækifæri. Þá fer fólk að spyrja og við verðum að vera tilbúnar með svör eins og þetta eru elstu og stærstu starfsgreinasamtök kvenna í heiminum eða við vinnum að því að bæta mannréttindi, einkum mannréttindi kvenna. Höfum einfalda útskýringu á reiðum höndum sem er hvorki of löng eða háfleyg. Eitthvað sem lýsir því vel hvað það er gefandi og skemmtilegt að vera í Soroptimistasamtökunum.

Kæru systur, ég hlakka til að hitta ykkur á landssambandsfundinum á Seltjarnarnesi þann 16. apríl.

Systrakveðja,
Sigríður Þórarinsdóttir



Skólamenn frá Malaví

í heimsókn hjá Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur

Frá árinu 2003 hefur Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur stutt 20 fátækar og munaðarlausar stúlkur til náms í framhaldsskóla í Malaví í Afríku. Er verkefnið unnið í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Klúbburinn greiðir 200.000 krónur á ári og nægir styrkuppheðin til að greiða kostnað við nám stúlkanna, þar á meðal innritun-argjöld, ferðakostnað, uppihald og skólaklæðnað. Stúlkurnar stunda nám við Lisumbwi framhaldsskólann í Apaflóa (Monkey Bay) en þetta er ríkisrekinn heimavistar-skóli fyrir drengi og stúlkur.

Klúbburinn fær senda skýrslu um námsgengi og stöðu stúlkanna eftir hvert skólaár. Myndir frá skólastarfinu fylgja einnig með skýrslunni. Stúlkurnar hafa allar staðið sig mjög vel og náð tilskyldum prófum og erum við systur í Reykjavíkurklúbbnum afskaplega stoltar af stúlkunum okkar. Frekari tengsl mynduðust síðan við Malaví í desember sl. Þegar þrír skólamenn frá Malaví voru í heimsókn á Íslandi í boði Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Voru hér á ferð þeir Alfred Matande, skólameistari Lisumbwi framhaldsskólans við Apaflóa, Jali, fræðslustjóri svæðisins og Gumbala, skólastjóri grunnskóla á svæðinu. Félagarnir þrír gerðu viðreisni um höfuðborgarsvæðið til að kynna skólastarfi og Matande skólameistari heimsótti jafnframt Menntaskólann á Ísafirði, en sá skóli og Lisumbwi framhaldsskólinn eru nú orðnir vinaskólar.



Reykjavíkursystur með þremur skólamönnum frá Malaví. Efri röð f.v. Heiður, Steinunn Þóra, Ásta, Ásgerður, Margrét, Guðrún Soffía og Signý. Neðri röð f.v. Alfred Matande skólameistari, Sigríður Baldursdóttir, formaður Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur, Jali fræðslustjóri og Gumbala skólastjóri.



Steinunn Þóra Sigurðardóttir sýnir Alfred Matande fatapoka sem Reykjavíkursystur selja til styrktar stúlkum í Malaví.

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur bauð malavísku skólamönnum til hádegisverðar á veitingahúsinu Við Tjörnina. Þangað komu átta systur sem hittu þessa mætu menn og er óhætt að segja að allir hafi skemmt sér mjög vel. Margt bar á góma, þar á meðal skólamál, alnæmi og lífið í Malaví. Meðal þess sem systur sýndu Matande og félögum voru fatapokarnir sem þær sauma og selja til að styrkja stúlkurnar. Kom skýrt fram hjá Matande, skólameistara, að framlag okkar er mikils virði og að styrkur sá sem Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur veitir stúlkunum í framhaldsskólanum skiptir miklu máli, því án hans hefðu þær ekki átt kost á frekara námi.

Matande færði systurum fallega útskorna muni úr harðviði og fékk hann að gjöf frá klúbbnum ljósmyndabókina „Lost in Iceland“ með þeim orðum að í titlinum fælust engin skilaboð, við vildum endilega að hann kæmist heim til Malaví aftur, enda hafði hann með sér 20 bakpoka og penna, sem voru gjafir okkar til stúlkanna.

Eftir þessa heimsókn hafa skapast dýrmæt tengsl sem Reykjavíkurklúbburinn vill hlúa að, því næg eru verkefni í Malaví, hinu hlýja hjarta Afríku eins og Malavar kalla landið sitt.

Ásgerður Kjartansdóttir
Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur

a global voice
for women

Soroptimist Internation



Dagskrá Landssambandsfundar

haldinn laugardaginn 16. apríl 2005 í Félagsheimili Seltjarnarness

Innritun kl. 8:30 – 9:30

Landssambandsfundur kl. 9:30 – 17:00

Sigríður Þórarinsdóttir, forseti SI/Í, setur fundinn.

1. Kosning fundarstjóra, fundarritara, teljara og kjörnefndar.

Nafnakall Ragnheiður Viglundsdóttir, Snæfellsnesi

2. Skýrslur stjórnar.

a) Forseti Sigríður Þórarinsdóttir, Snæfellsnesi
 b) Sendifulltrúar Sigríður Ágústsdóttir, Akureyri
 Kristín Sjöfn Helgadóttir, Árbæ
 c) Gjaldkeri Margrét Helgadóttir, Hafnarf. og Garðabæ

3. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslur stjórnar og sendifulltrúa.

4. Skýrslur nefnda og verkefnastjóra.

a) Fastanefndir
 Laganefnd Elín Árnadóttir, Mosfellssveit
 Útbreiðslunefnd Margrét Rögnvaldsdóttir, Reykjavík
 Fjárhagsnefnd Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, Kópavogi

b) Verkefnastjórar
 Alþjóðl. vináttu og skilningur Ragnheiður Stefánsdóttir, Akureyri
 Efnahags- og félagsleg þróun Júlía Björnsdóttir, Akureyri
 Heilbrigðismál Arndís Ellertsdóttir, Árbæ
 Mannréttindi og st. konunnar Margrét Loftsdóttir, Kópavogi
 Mennta- og menningarmál Rannveig Thoroddsen, Bakka og Selja
 Umhverfismál Laufey B. Hannesdóttir, Hóla og Fella
 Hafdis Karlsdóttir, Kópavogi

c) Ritstjóri Fregna Margrét Helgadóttir, Hafnarf. og Garðabæ

d) Sjóðanefnd Ingibjörg Benediktsdóttir, Hóla og Fella

e) Skólastyrkjanefnd Heimsíðan, Halla Björg Baldursdóttir

f) Önnur embætti
 Nafnalistinn Sigríður Sveinsdóttir
 Hamraborg 10 Margrét Helgadóttir
 „Project Independence“ Ásgerður Kjartansdóttir.

5. Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslur í 4. lið.

6. Stjórnarkjör.

a) Forseti 2006-2008
 b) 1. varaforseti

7. Kosning sendifulltrúa og varasendifulltrúa.

a) Sendifulltrúi
 b) Varasendifulltrúi

8. Kosning fastanefnda.

a) Laganefnd – 2 konur
 b) Útbreiðslunefnd – 1 kona
 c) Fjárhagsnefnd – 1 kona

9. Kosning verkefnastjóra.

a) Heilbrigðismál
 b) Umhverfismál

10. Kosning í önnur embætti.

a) Sjóðanefnd – 1 kona
 b) Endurskoðandi – 1 kona
 c) Umsjón með nafnalista
 d) Upplýsingafulltrúi

11. Tillögur og áætlanir.

a) Tillögur um laga- og reglugerðarbreytingar

12. Mál sem stjórnin leggur fram.

a) Fjárhagsáætlun
 b) Umræður og atkvæðagreiðsla
 c) Aðrar tillögur, umræður og atkvæðagreiðsla

13. Mál sem borist hafa, umræður og atkvæðagreiðsla.

14. Ákvörðun tekin um næsta landssambandsfund.

15. Erindi: Konur í kjölfar stríðs.

Fyrirlesari er Vilborg Ísleifsdóttir stofnandi BISER. Vilborg er sagnfræðingur búsett í Þýskalandi sem hefur byggt upp skóla fyrir konur í Bosnía.

16. Önnur mál.

Fulltrúar á landssambandsfundri

16. apríl 2005

Fulltrúar (gulur)

Klúbbar		Aðalfulltrúar	Varafulltrúar
Akranes	1	Bergljót Jónsdóttir	Hanna Jónsdóttir
	2	Sveinborg Kristjánsdóttir	Ólöf Haraldsdóttir
Akureyri	3	Ragnheiður Ólafsdóttir	Ólöf Þórsdóttir
	4	Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir	Elsa Björnsdóttir
Austurland	5	Kristjana Björnsdóttir	Sigurlaug Björnsdóttir
	6	Aðalbjörg Sigurðardóttir	Ólafía Þ. Stefánsdóttir
Árbær	7	Guðrún Gunnarsdóttir	Elin Á. Aðalsteinsdóttir
	8	Torfhildur Samúelsdóttir	Halldóra Ingjaldsdóttir
Bakka og Selja	9	Sigríður Sveinsdóttir	Barbara Ármannsdóttir
	10	Ingibjörg Lára Hestnes	Svala Lárusdóttir
Grafarvogur	11	Sigríður Ingvarsdóttir	Björg Ólafsdóttir
	12	Ásdís H. Haraldsdóttir	Lilja Elsa Sörladóttir
Hafnarfj. og Garðabær	13	Jónína Kristjánsdóttir	Lovísa Christiansen
	14	Mjöll Flosadóttir	Guðrún Magnúsdóttir
Hóla og Fella	15	Erla Ófeigsdóttir	Hansína Traustadóttir
	16	Kristín Arnalds	Ingibjörg Benediktsdóttir
Húsavík og nágr.	17	Unnur Kjartansdóttir	Guðrún Þórsdóttir
	18	Sigurlaug Elmarsdóttir	Sigrún Ingvarsdóttir
Keflavík	19	Ragnheiður Skúladóttir	Hildur Harðardóttir
	20	Randi Træen	Sigríður Árnadóttir
Kópavogur	21	Sólveig Morávek	Guðrún Pálsdóttir
	22	Hólmfríður Pálsdóttir	Anna H. Jónsdóttir
Mosfellssveit	23	Hjördís Gissuradóttir	Björk Bjarkadóttir
	24	Guðrún Snæbjörnsdóttir	Elsa Hákonardóttir
Reykjavík	25	Ásgerður Kjartansdóttir	Margrét Þórisdóttir
	26	Signý Bjarnadóttir	Margrét Rögnvaldsdóttir
Seltjarnarnes	27	Ingibjörg H. Halldórsdóttir	Hrafnhildur Sigurðardóttir
	28	Elisabet F. Eiríksdóttir	Pálína Jónmundsdóttir
Skagafjörður	29	Helga Gunnlaugsdóttir	Kristjana E. Jónsdóttir
	30	Lydía Jósafatsdóttir	Anna S. Hróðmarsdóttir
Snæfellsnes	31	Vilborg Lilja Stefánsdóttir	Klara Bragadóttir
	32	Anna Höskuldsdóttir	Gunda Bech Nygaard

Stjórn landssamb.(blár)

Forseti	33	Sigríður Þórarinsdóttir	Snæfellsnes
Ritari	34	Ragnheiður Víglundsdóttir	Snæfellsnes
Gjaldkeri	35	Margrét Helgadóttir	Hafnarfj. og Garðabær
1.varaforseti	36	Drífa Skúladóttir	Snæfellsnes
2.varaforseti	37	Sigríður Ingvarsdóttir	Grafarvogur
Fráfarandi forseti	38	Hafdís Karlsdóttir	Kópavogur
Sendifulltrúi	39	Sigríður Ágústsdóttir	Akureyri
Sendifulltrúi	40	Kristín Sjöfn Helgadóttir	Árbær
Upplýsingafulltrúi	41	Hildur Hálfðanardóttir	Kópavogur

Formenn nefnda (blár)

Laganefnd	42	Elín Árnadóttir	Mosfellssveit
Útbreiðslunefnd	43	Margrét Rögnvaldsdóttir	Reykjavík
Fjárhagsnefnd	44	Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir	Kópavogur
Fregnir ritstjórar	45	Hafdís Karlsdóttir	Kópavogur
Fregnir ritstjórar	46	Sigurrós Þorgrímsdóttir	Kópavogur
Sjóðanefnd	47	Margrét Helgadóttir	Hafnarfj. og Garðabær
Skólalstyrkjanefnd	48	Ingibjörg Benediktsdóttir	Hóla og Fella

Verkefnastjórar (blár)

Alþj.vinátta og skilningur	49	Ragnheiður Stefánsdóttir	Akureyri
Efnahags og félagsleg þr.	50	Júlía Björnsdóttir	Akureyri
Heilbrigðismál	51	Arndís Ellertsdóttir	Árbær
Mannrétt.og st. konunnar	52	Margrét Loftsdóttir	Kópavogur
Mennta og menningarmál	53	Rannveig Thoroddsen	Bakka og Selja
Umhverfismál	54	Laufey B Hannesdóttir	Hóla og Fella

Formenn klúbba (blár)

Akranes	55	Steinunn Ólafsdóttir
Akureyri	56	Þuríður Schiöth
Austurland	57	Jóhanna Sigmarsdóttir
Árbær	58	Guðný Hinriksdóttir
Bakka og Selja	59	Kristín Norðfjörð
Grafarvogur	60	Ólöf Kristín Ólafsdóttir
Hafnarfj.og Garðabær	61	Anna V. Þormar
Hóla og Fella	62	Sigrún Skaftadóttir
Húsavík og nágrenni	63	Guðrún Aðalsteinsdóttir
Keflavík	64	Alda Jensdóttir
Kópavogur	65	Gréta Guðmundsdóttir
Mosfellssveit	66	Inga Elín Kristinsdóttir
Reykjavík	67	Sigríður Baldursdóttir
Seltjarnarnes	68	Björk Hreinsdóttir
Skagafjörður	69	Sóley Skarphéðinsdóttir
Snæfellsnes	70	Kristín Björk Gilsfjörð

Ársskýrsla forseta

Starfsárið 01.10.2003 - 30.09.2004

Ekki er hægt að segja annað en að 30 ára afmælisár Soroptimistassambands Íslands hafi verið einstaklega ánægjulegt og gott ár í samtökunum okkar. Afmælishátíð var haldin í tengslum við landssambandsfund helgina 4. til 6. júní 2004 á Akranesi. Hátíðarhöldin hófust föstudaginn 4. júní með móttöku í Þjóðarþóklöðunni í boði landsambandsins, þar mættu 260 manns. Morguninn eftir hófst fjölmennur landssambandsfundur á Akranesi og í kjölfar hans glæsileg 200 manna afmælishátíð sem Akranesssystur skipulögðu. Þann 6. júní var síðan boðið upp á fjögurra daga ferð um Norður- og Vesturland. Í þá ferð fóru 35 erlendis gestir með Sigríði Ágústsdóttir sem fararstjóra. Því miður sáu engar íslenskar systur sér fært að fara í þessa ferð. Að kvöldi 9. júní var erlendu gestunum boðið til kvöldverðar í Reykjavík. Systur lögðu á sig ómælda vinnu til að gera afmælishátíðina eftirminnilega fyrir okkur sjálfar og gesti okkar innlenda sem erlenda. Það er alveg sérstaklega gaman fyrir mig, sem formann afmælisnefndarinnar og nú sem forseta, að geta sagt frá hve vel gekk að fá systur til undirbúnings, hve höfðinglega var tekið á móti gestunum og hve rausnarlegar systur voru í gjöfum sínum til afmælisbarnsins. Vil ég enn og aftur þakka ykkur, sem lögðu hönd á plóginn, innilega fyrir ykkar frábæra starf. Erlendu gestirnir voru alveg sérstaklega ánægðir með alla þá gestrisni og einlægu móttökur sem þeir fengu alls staðar þar sem þá bar að garði. Þeir bera okkur gott orð og hafa sýnt þakklæti sitt í verki svo eftir verður tekið eins og greint var frá í síðasta tölublaði Fregna. Frásögn um móttökurnar kom einnig í Link, skrifuð af danskri systir okkar. Upphæð afmælisgjafa klúbba og gesta til landssambandsins var kr. 462.790,- Rann þessi upphæð óskipt til fjögurra ára verkefnisins „Project Independence - Women Survivors of War“.

Eindagi fyrir skil á skýrslum var fyrr í ár en áður eða 15. nóvember. Þó að ekki hafi verið búið að breyta dagsetningum á skýrslublöðum gekk innheimta þeirra vel. Það er óneitanlega betra að embættismenn ljúki sínu starfsári með skýrslu, og þá jafnvel með þá sem tekur við, sér við hlið, en að nýir embættismenn þurfi að fara að grafa upp það sem gert var liðið starfsár. Skýrslur formanna sýna það og sanna að mikið, uppbyggilegt og fjölbreytt starf fer fram í klubbunum í bland við ýmiskonar skemmtilegheit. Verkefnastjórar munu í sínum skýrslum segja frá öllum verkefnumum svo þau verða ekki tíunduð sérstaklega í þessari skýrslu.

Í lok starfsársins voru klubbarnir 16 með 470 félagar, þar af voru 24 eldri félagar. Eldri félagar eru nú þær sem hafa náð 75 ára aldri, en aðeins bar á að formenn styddust við 70 ára aldurstakmarkið. Verður 75 ára viðmið sett inn á skýrslublaðið á heimasíðunni okkar þannig að ekki komi aftur til ruglings hvað þetta varðar. 13 félagar voru í leyfi frá klubbstarfi. Á starfsárinu höfðu 19 félagar hætt en við höfðum fengið 30 nýja félagar inn í klubbana í staðinn, þannig að fjölgunin var 11 konur. Fjöldi pr. klubb var frá

22 til 41 systir. Það verður aldrei of oft ítrekað að við verðum alltaf að halda vöku okkar með að endurnýja í klubbunum og passa upp á aldursdreifingu og fjölbreytni í starfsgreinum. Mjög mikilvægt er að virkja starfsgreina-nefndir klubbanna til að vinna sem nokkurs konar útbreiðslunefnd klúbbsins og vera stöðugt á verði og vera með alla anga úti til að passa upp á jafnvægið í klubbnum. Hitt breytist þó aldrei að hver einasta systir er ábyrg fyrir vexti og velgengni síns klúbbs.

Klúbbfundir voru samtals 156 á starfsárinu, þar af voru 7 sameiginlegir fundir klúbba, 17 vinnustaðafundir og 23 skemmtifundir. Aðrir fundir voru samtals 29. Stjórnarfundir voru frá 4 upp í 11 á árinu, eða samtals 109. Sumir klúbbar taka fram að aðeins sé getið um formlega stjórnarfundir, en einnig eigi sér stað óformlegir fundir í gegnum síma og internetið. Besta fundarsókn var í Húsavíkurklúbbi eða 88% og óskum við þeim til hamingju með það. Mæting á klúbbfundi var frá 67,3% til 88%, að meðaltali 77,8% sem er alveg viðunandi þó alltaf megi gera betur. Við þurfum í þeim efnum að horfa á að nokkrir klúbbar koma af stórum landsvæðum, fundir eru flestir að vetri til og veður geta verið válynd sérstaklega þegar um fjallvegi er að fara. Í þessu sambandi er einnig rétt að áréta að samkvæmt 4. grein reglugerðar klúbblaga er „Klúbbum heimilt að undanskilja fundarsókn eldri féлага í reiknuðu meðaltali fundarsókna klúbbsins“. Fyrirlestrar voru 78 um margs konar efni og 3 mínútna erindi voru flutt á 41 klúbbfundi. 13 systur gerðu grein fyrir ævi sinni og uppruna með Egó erindi.

Klúbbarnir eiga frá 1 og upp í 7 vinaklúbba og eru tengslin í flestum tilfellum bundin við jólakort og bréfasamskipti. Reykjavíkurklúbburinn hefur þann góða sið að senda sínum vinaklúbbum annál, á ensku, yfir það sem þær gera, virkilega góð venja sem hægt er að leika eftir. Konur úr fjórum klúbbum heimsóttu vinaklúbba erlendis og þrjú klúbbar fengu konur úr vinaklúbbum erlendis í heimsókn. Þar fyrir utan tóku nokkrir (9) klúbbar á móti erlendum soroptimistum þó engin vinaklúbbatengsl væru til staðar. Reykjavíkurklúbburinn tók t.d. þrisvar á móti erlendum systurum sem ekki komu frá vinaklúbbum. Ein systir frá Húsavík sem fór til Króatíu setti sig í samband við þarlendan klúbb og stofnaði þar til varanlegra kynna sem hún sagði frá í Fregnum. Einnig heimsóttu systur úr Snæfellsnessklúbbi Soroptimista í Suður-Afríku og í Bandaríkjunum. Skemmtilegt framtak sem systur ættu að nýta sér á ferðum erlendis.

Samtals öfluðu klubbarnir með ýmsum hætti 3.952.786.- króna á starfsárinu og gáfu til ýmiskonar góðra mála 3.430.625.- krónur samkvæmt skýrslum formanna. Þessar tölur eru þó ekki tæmandi þar sem ekki gefa allir klúbbar upp upphæðir gjafa í krónum og heldur ekki alla fjárfloflun. Er það bagalegt þar sem mjög fróðlegt er að sjá hve miklum fjármunum við erum að velta.

Mjög fjölbreytt starfsemi er í klúbbunum, lesin eru ljóð á fundum og tónlistaratriði flutt, systur þýða valdar greinar úr Link og lesa og haldnir eru fyrirlestrar um nánast allt milli himins og jarðar systrum til fróðleiks og innblásturs. Má þar nefna fyrirlestra um: Líf og störf manna á Skólavörðuholtinu, Aðstæður kvenna í Kenya, Orkumál og áhrif þeirra á okkar daglega umhverfi, Ávöxtun fyrir þig og þína, Mænuskaðabaráttuna miklu, Umhverfisskipulag, Konur í landbúnaði, Möguleika eldra fólks á vinnumarkaði og Börn og barnabókmenntir svo fátt eitt sé nefnt. Þegar starfsemi klúbba er skoðuð sést að verkefnaval og fjáröflun haldast nokkuð í hendur. Peningar eru þó ekki skilyrði fyrir góðum störfum eins og sjá má af verkefnum



eins og þátttöku Mosfellssveitarsystur í þorablóti aldradra, aðstoð Árbæjarsystur við að klæða fermingarborn í kyrtla, bókasafnsvinna Húsavíkursystur, bókaútburði Akureyrarsystur og aðstoð Snæfellnessystur við vistmenn Dvalarheimilisins Jaðars. Tveir klúbbar eru með göngu-klúbba og Kópavogsklúbbar er með ferðaklúbbinn Snúsnú, sem hefur farið nokkrar ferðir til útlanda að heilsa upp á systur. Seltjarnarnessystur buðu fyrrverandi klúbb-systrum á fund til sín, sem var afar skemmtileg hugmynd, 7 systur þáðu boðið og eru 2 þeirra orðnir félagar aftur.

Fimm klúbbar hafa gróðurreit sem þeir planta í og hugsa um. Akureyrarklúbbar hefur trjálund á Bakka í Öxnadal, Keflavíkursystur annast Systrabrekkur og Bjartsýnislund, Mosfellssveitarklúbbar er með reit að Mosfelli í Mosfellsdal, Skagafjarðarsystur á Hólum í Hjaltadal og Kópavogssystur að Systrabotnum í Lækjarbotnalandi. Þær síðastnefndu gróðursettú 196 plöntur í sinn reit vorið 2004, allt plöntur úr eigin gördum.

Nokkrir klúbbar áttu stórafmæli á starfsárinu og héldu upp á það með glæsibrag. Akranesklúbbarinn varð 20 ára og hélt upp á það á Hótel Glym í Hvalfirði þar sem þær meðal annars hlýddu á fyrirlestur hjá Hansínu Einarsdóttur. Húsavíkursystur fóru hins vegar í heimsókn til Kaupmannahafnar og heimsóttu vinaklúbb í tilefni af sínu 20 ára afmæli. Hafnafjarðar- og Garðabæjarklúbbarinn varð 30 ára og fóru systur í tilefni af því á vinnustaðafund hjá OECD í París, þar sem klúbbsystir er ein af 4 forstjórum. Reykjavíkurklúbbar varð 45 ára og lét af því tilefni taka hópmynd af klúbbnum.

Á starfsárinu voru samtals 7 fundir hjá stjórn landssambandsins sem haldnir voru í húsnaði sambandsins í Hamraborg fyrir utan þann síðast sem haldinn var í Munaðarnesi.

Fjögurra ára verkefni forseta Alheimssambandsins er „Project Independence - Women survivors of War“. Á vegum landssambandsins hefur Ásgerður Kjartansdóttir

tekið að sér að fóstora verkefnið og halda utan um það. Hún heimsótti 8 klúbba á starfsárinu, kynnti samtökin Women for Women International, sagði frá tilurð verkefnisins og sýndi kynningarmyndband. Afar ánægjulegt er að sjá hvað íslenskir Soroptimistar eru einhuga og hafa tekið myndarlega á þessu verkefni og á góð kynning Ásgerðar efalaust sinn þátt í því. Vonandi að þeir klúbbar sem hún hefur ekki heimsótt nú þegar eigi þess kost að fá hana í heimsókn sem fyrst.

Á Munaðarnesfundinn sem var haldinn 3.-5. október 2003 mættu 113 konur og áttu góða helgi saman. Þar var verkefnakjarni SI til næstu fjögurra ára kynntur og sameigin-

lega var ákveðið að íslenskir Soroptimistar skuli meðal annars leggja áherslu á að styrkja tengsl við nýbúa með ýmsum hætti, ásamt því að aðstoða börn sem búa við kröpp kjör. Hver og einn klúbbar aðlagar verkefnin síðan að sér. Samrýmist það sem var ákveðið vel einkunnarorðum forseta Evrópusambandsins „Konur vinna að friði“. Fyrirlesari á fundinum var síðan Ingólfur Ingólfsson fulltrúi og bar fyrirlestur hans yfirskriftina „Að tína peninga af trjánum“. Þar fór hann yfir ýmsar leiðir til sparnaðar og hagræðingar í fjármálum.

Þann 10. desember 2003 heimsótti Hafdís Karlsdóttir forseti landssambandsins, ásamt nokkrum systrum af höfuðborgarsvæðinu Auði Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðing og færðu henni að gjöf, frá íslenskum Soroptimistum krónur 375 þúsund til gerðar á myndbandi með upplýsingum fyrir mænuskaðaða.

Landssambandsfundurinn var eins og áður sagði haldinn á Akranesi 5. júní. Þar voru um 160 konur mættar. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa unnu konur áfram að friði og á fundinn mættu tveir fyrirlesarar. Það voru þær Unnur Dís Skaftadóttir dósent við félagsfræðideild HÍ og Amal Tamimi fyrir hönd Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Yfirskrift fyrirlestranna var „Mannauður innflytjenda“. Á eftir svöruðu þær fyrirspurnum. Eftir fundinn bauð bæjarstjóri Akranes til móttöku á Safnasvæðinu áður en sjálf afmælishátíðin hófst.

Í júlí 2004 var sendifulltrúafundur í Ljubljana í Slóveníu. Mér gafst tækifæri á að fara þangað sem áheyrnarfulltrúi. Að komast á svona samkomu og hitta Soroptimista alls staðar að er alveg ógleymanlegt og vikkar sjóndeildarhringinn. Þess vegna segi ég einu sinni enn, gefið kost á ykkur í embætti og verið virkar í starfi og þið fáið það margfalt til baka. Kærar þakkar fyrir að treysta mér fyrir þessu embætti og fyrir einstaklega ánæguleg samskipti og samstarf.

Sigríður Þórarinsdóttir.

Tillögur að breytingum

á reglugerð landssambandslaga

Stjórn Soroptimistasambands Íslands leggur til breytingar á reglugerð landssambandslaga, 13. grein um ferðakostnað og dagpeninga.

1.a.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á þeim lið sem fjallar um ferðakostnað vegna utanlandsferða forseta. Seinni hluti greinarinnar verði þannig:

Ferðakostnaður vegna utanlandsferða forseta er greiddur samkvæmt reikningi, miðað við ferðakostnað þá daga sem fundur stendur og brottfarardag.

Miða skal við hagstæðustu kjör á fargjaldi hverju sinni. Utanlandsferðir forseta miðast við eina ferð á ári. Að auki er greiddur kostnaður vegna ferða á þing Alþjóðasambandsins fjórða hvert ár.

Hér er um tvær breytingar að ræða á sömu grein.

Þar sem við leggjum líka til breytingu á ferðakostnaði sendifulltrúa, um að þeir fái greiddan kostnað skv. reikningi, þurfa reglurnar að vera í sam-

ræmi, þ.a. eins sé farið með ferðakostnað fyrir forseta og sendifulltrúa. Við teljum eðlilegt, að forseti geti valið um hvort hann fer á sendifulltrúafund eða á norræna vinadaga, einkum vegna þess, að í seinni tíð eru skipulagðir forsetafundir á undan sendifulltrúafundinum.

1.b.

Lagt er til að í þessari grein breytist viðmiðun um ferðakostnað á eigin bíl (mið hluti). Á eftir „Flugfargjald skal miða við hagstæðustu kjör hverju sinni.“ Breytist næsta setning þannig að í stað „hálf kilómetragjald“ kemur: **þriðjungur af kilómetragjaldi**

Ástæðan fyrir þessari tillögu er að hálf kilómetragjald er of hátt. Ætlast er til að embættismenn fái greiddan ferðakostnað, þ.a. þeir beri ekki fjárhagslegan skaða af að taka þátt í starfi fyrir Soroptimista. Bifreiðakostnaður í atvinnuskyni er annars eðlis, þar sem allur rekstur bifreiðar og afskriftir eru teknar inn í dæmið, svo og skattur bifreiðaeiganda af þessum peningum. Óþarfi er að

reikna með þessu hér fyrir stöku ferðir fyrir Soroptimista, en Soroptimisminn er jú okkar áhugamál.

2.a.

Lagt er til, að þessi grein breytist þannig:

Kostnaður vegna ferða sendifulltrúa miðast við kostnað þá daga sem sendifulltrúafundur stendur og brottfarardag, og er greiddur samkvæmt reikningi.

Ástæðan fyrir tillögu um þessa breytingu er sú, að kostnaður við þessar ferðir eru svo mismunandi. Stundum duga dagpeningar vart fyrir kostnaði, en á sumum stöðum eru þeir óþarflega háir. Til að tryggja að kostnaðurinn sé örugglega greiddur, er hreinlegast að embættismenn leggi fram reikninga fyrir honum. Reikningar skulu að jafnaði lagðir fram fyrir öllum tilkostnaði og sér sendifulltrúinn um að skrá allan tilkostnað og fá kvittanir þar sem mögulegt er.

Skýrslur nefnda

SKÝRSLA LAGANEFNDAR

Í laganeftnd eru: Elin Árnadóttir, Ásta M. Eggertsdóttir og Salome Þorkelsdóttir.

Frá síðasta landssambandsfundi hefur laganeftnd haldið 1 fund auk símafunda og tölvupóstfunda.

Eftir landsambandsfund þann 5. júní 2004 urðu þær breytingar í laganeftnd að formaður nefndarinnar, Kristín Völundardóttir, lauk störfum. Vill laganeftnd koma á framfæri sérstöku þakklæti til fyrrverandi formanns nefndarinnar, Kristínar Völundardóttur fyrir hennar störf í nefndinni.

Kristín sat í nefndinni í 4 ár, þar af sem formaður síðustu 2 árin. Við kveðjum Kristínu og óskum henni velfarnaðar í þeim störfum sem hún hefur tekið sér fyrir hendur og mun takast á við. Ný systir var jafnframt kosin og tók sæti í nefndinni, Salome Þorkelsdóttir, systir í Mosfellssveitar-klúbbi. Fögnum við þeim liðsstyrk sem nefndin hefur fengið með tilkomu Salome Þorkelsdóttur í nefndina og fögnum því að fá notið hennar krafta og reynslu í störfum nefndarinnar á komandi árum.

Eitt erindi frá landssambandsstjórn

barst nefndinni á yfirstandandi ári. Varðaði það tillögu stjórnarinnar um breytingu á 13. gr. reglugerðar landssambandslaga um ferðakostnað og dagpeninga. Lagði stjórnin til að horfið yrði frá því ákvæði að greiddir væru dagpeningar í samræmi við skattmat ríkisskattstjóra, vegna ferða formanns og embættismanna, en í þess stað yrði raunverulegur ferðakostnaður greiddur samkvæmt reikningi. Tillagan kemur fram með þeim rökum að jafn óeðlilegt og það sé að systur þurfi sjálfar að bera kostnað af embættisferðum, þá sé ekki síður óeðlilegt að þær hagnist af þeim, eins

og tilfellið gæti verið þar sem kostnaður í tilteknu landi er lágur. Dagpeningagreiðslur eru ákvarðaðar eftir matsreglum ríkisskattstjóra, og í sumum tilvikum er kostnaðurinn við gistingu og fæði mun lægri en þar er kveðið á um og einnig getur hann í sumum tilvikum verið mun hærri. Einnig lagði stjórnin til að akstursgreiðslur skv. kílómetragjaldi yrðu lækkaðar nokkuð þar sem óeðlilegt væri að taka tillit til fyrninga bifreiða við slíkan útreikning. Í stað helmings

kílómetragjalds eins og það er ákvarðað skv. mati ríkisskattstjóra, yrði nú miðað við þriðjung. Félst laganeftindin á þessar breytingar með nokkrum athugasemdum. Lagði nefndin til að skýrt væri kveðið á um að reikningar væru lagðir fram fyrir öllum endurkræfanlegum ferðakostnaði.

Á fundum nefndarinnar hefur það einnig komið fram að systur eru sammála um að nokkuð skorti á að

einstakir klúbbar og systur séu meðvitaðar um lög og reglugerðir sambandsins. Telja nefndarkonur að nokkur akkur gæti verið í því að átak væri gert í að kynna lög og reglugerðir landssambandsins og klúbba fyrir systur vítt og breitt um landið.

Lýkur hér með skýrslu laganeftindar.
Elin Árnadóttir,
formaður laganeftindar.

SKÝRSLA ÚTBREIÐSLUNEFNDAR

Kæru systur.

Í útbreiðslunefnd eru Guðrún Erla Björgvinsdóttir í Bakka- og Seljaklúbbi, Dóra Ingvarsdóttir í Bakka- og Seljaklúbbi og undirrituð, Margrét Rögnvaldsdóttir í Reykjavíkurklúbbi.

Markmið útbreiðslunefndar er ekki aðeins að stofna nýja klúbba, heldur einnig að huga að innra starfi þeirra klúbba sem fyrir eru. Eitt af því sem við fylgjumst með er fjöldi systra í klúbbum, meðalaldri og mætingu. Þetta eru upplýsingar sem sendar eru til Evrópusambandsins á hverju ári. Á þessu starfsári erum við í frekar góðum málum gagnvart fjölda. Það eru 470 konur í samtökunum, þar af gengu í samtökin 30 konur en 19 hættu. Engin systir lést á árinu. Á listanum, sem ég sendi til útbreiðslunefndar Evrópusambandsins, er spurt

um hvort einhverjir klúbbar séu með 18 eða færri meðlimi og því á hættusvæði. Eða hvort einhver klúbbar sé með 15 eða færri meðlimi og þar af leiðandi að leggjast af. Enginn klúbbar á Íslandi er í þessum aðstæðum. Fjöldi systra í klúbbum er 20 til 41. Það er í raun ekki hægt að tala um að einhver ákveðinn fjöldi systra sé bestur eða réttastur í hverjum klúbbi, en ég vil biðja ykkur að hafa í huga að eftir því sem þið eruð fleiri er auðveldara að skipta með sér embættum, bæði í klúbbum sjálfum svo og vegna framboða til landssambandsins. Enginn klúbbar á að fara á landssambandsfund án þess að hafa konur í framboði. Sýnum áhuga og verum virkar í starfi Soroptimistasamtakanna. Fjöldi í klúbbum hefur einnig áhrif á meðalaldur. Þeir klúbbar sem hafa lága

mætingu þurfa að athuga hvort það sé vegna lítillar mætingar einstakra systra eða hvort þetta sé eitthvað sem sýnir lítinn áhuga systra almennt á starfi klúbba. Ef almenn mæting er slök þá þurfa systur að huga að sínu innra starfi og ræða sín á milli hvað betur megi fara.

Útbreiðslunefnd stefnir á að stofna næst Soroptimistaklúbb á Suðurlandi. Þetta tekur allt sinn tíma, en við erum konnar með nokkrar konur sem eru mjög áhugasamar. Við í útbreiðslunefnd höfum haldið nokkra fundi með þeim á Hótel Selfossi. Síðan verður að koma í ljós, eins og áður, hve margar af þessum konum verða stofnfélagar.

Margrét Rögnvaldsdóttir,
formaður útbreiðslunefndar.

SKÝRSLA FJÁRHAGSNEFNDAR

Fjárhagsáætlun rekstrarársins 2005 - 2006.

Við gerð fjárhagsáætlunar er miðað við rauntölur ársins 2003-2004, áætlun síðustu tveggja ára, auk þess sem stjórn landssambandsins kom með sínar tillögur og hugmyndir um starfsemi þessa rekstrarárs.

Sáralítið tap varð á rekstrarárinu 2003-2004, eða 6.523 kr. Bæði tekjur og gjöld fóru fram úr áætlun en áætlunin hafði gert ráð fyrir 80.000 kr. afgangi. Vardandi áætlun fyrir rekstrarárið 2005-2006 viljum við koma eftirfar-

andi skýringum á framfæri. Félagsgjöld lækka um 100 kr, en systrasjóður kemur aftur inn eftir eins árs hlé og er hann 350 kr. á systur. Forsetasjóður er óbreyttur 500 kr. Forsetasjóður er framlag okkar til verkefnis alþjóðafarseta Soroptimista 10. desember ár hvert.

Eldri félagar eru nú þeir sem eru orðnir 75 ára en ekki 70 ára eins og var og er það í samræmi við lög Evrópusambandsins.

Kostnaður vegna útgáfu Fregna hækkar á hverju ári. Við gerum ráð fyrir því að hvert blað kosti 184.000.-

kr. En á móti koma áætlaðar auglýsingatekjur 70.000. Við gerum ráð fyrir að öllum blöðum verði dreift með pósti.

Ferðakostnaður hækkar frá síðustu áætlun en þá var hann vantallinn. Afborganir af láninu í Hamraborginni munu klárast á þessu ári þannig að það er lægra heldur en áður.

Með systrakveðju,
f.h. fjárhagsneftindar.

Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir
Kristjana E. Jónsdóttir
Þorfinna Lydíá Jósafatsdóttir

Fjárhagsáætlun Soroptimistasambands Íslands 2005-2006

Tekjur	Fjöldi	Ein.verð	Áætlun 2005-06	Áætlun 2004-05	Rauntölur 2003-04	Áætlun 2003-04	Áætlun 2002-03	Rauntölur 2002-03
3110 Félagsgjöld	435	8.000	3.480.000	3.078.000	2.730.000	2.842.500	2.782.500	3.093.775
3110 Félagsgjöld eldri félagar	33	6.200	204.600	302.400	257.400	251.550	245.700	
3110 Félagsgjöld nýir félagar	15	8.150	122.250	264.000	122.400	267.750	267.750	
3130 Alþjóðaverkefni	483	350	169.050	161.000	611.190	159.950	156.800	147.000
3150 Forsetasjóður 10. Desember	483	500	241.500	230.000	212.000	228.500	112.000	105.000
3160 Systrasjóður	483	350	169.050	0	148.400	159.950	156.800	147.000
3170 Link			60.000	55.000	47.850	60.000	50.000	51.000
3180 The International Soroptimist			7.500	7.000	5.400	7.500	6.400	7.200
3210 Vörusala (nætur, hálsmen, ofl.)			20.000	25.000	19.900	25.000	70.000	21.800
3410 Vextir			35.000	20.000	34.985	60.000	50.000	51.398
Aðrar tekjur					228.789			
Auglýsingar í Fregnum			70.000	60.000	70.000	60.000		25.000
Samtals tekjur			4.578.950	4.202.400	4.488.314	4.122.700	3.897.950	3.649.173
Gjöld								
4110 Félagsgjöld SVE 47 SFR	468	2.820	1.319.760	1.206.960	913.667	1.036.854	998.634	955.739
4110 Félagsgjöld SVE 49 SFR	15	2.940	44.100	94.080	32.959	90.405	88.970	
4150 Alþjóðaverkefni	483	350	169.050	161.000	611.190	159.950	156.800	146.250
4130 Forsetasjóður 10. Desember	483	500	241.500	230.000	212.000	228.500	112.000	104.250
4120 Systrasjóður	483	350	169.050		148.400	159.950	156.800	147.000
4191 Link			60.000	60.000	52.085	60.000	50.000	54.475
4191 The International Soroptimist			7.500	7.500	5.814	7.500	6.400	6.125
4190 Fregnir	3	184.000	552.000	501.000	528.752	480.000	390.000	462.508
Samtals gjöld			2.562.960	2.260.540	2.504.867	2.223.159	1.959.604	1.876.347
Rekstrargjöld								
4210 Pappír, ristföng, prentun, ljóstrú			40.000	30.000	49.870	20.000	30.000	12.971
4230 Búðargjöld og gróseðlar			150.000	140.000	53.062	80.000	80.000	61.400
4235 Sími og heimasíða			100.000	80.000	84.637	70.000	60.000	68.088
4240 Gjafir			25.000	25.000	15.660	15.000	25.000	23.140
4245 Verkefni forseta			150.000	150.000	201.572	150.000	150.000	47.771
4250 Kostnaður verkendra gesta			20.000	30.000	7.750	15.000	50.000	76.215
4260 Kostn. v/hýs klúbbs og úbræfndar			30.000	50.000		50.000	100.000	91.012
4275 Kostn. v/Landssambandsfundar			10.000	10.000	9.592	10.000	10.000	0
4255 Kostn. v/haustf. í Munaðamesi			10.000	10.000	102.030	10.000	10.000	619
4295 Kostn. v/wannar fundar			25.000	25.000	24.587	10.000	10.000	20.862
4292 Ýmis öfyrirséður kostn.			20.000	25.000	31.638	10.000	10.000	6.492
4290 Bankakostnaður			4.000	10.000	2.765	10.000	15.000	6.261
Samtals rekstrarkostnaður			584.000	585.000	583.163	450.000	550.000	414.831
4320 Viðhald nafmalista, laga og reglugerða			190.000	180.000	178.936	330.000	120.000	378.723
4410 Vörukaup (nætur, hálsmen, ofl.)			15.000	15.000		50.000	50.000	43.616
Samtals			205.000	780.000	762.099	830.000	720.000	837.170
Húsnæði								
4520 Húsfélgsgjöld-rafm.-hl. - skattar			110.000	150.000	105.976	95.000	60.000	109.567
4540 Vörukaup / húsbúnaður / tækivöðvubú			60.000	60.000	194.058	60.000	0	13.120
4530 Fjármagnskostn. af lánum			28.500	50.000	36.814	50.000	50.000	43.547
Samtals útgjöld húsnæðis			198.500	260.000	336.848	205.000	110.000	166.234
Ferðakostnaður								
4610 Dagpeningar sendifulltrúa			150.000	145.000	178.080	130.000	200.000	162.028
4615 Fargjald varasendifulltrúa			80.000	90.000	35.590	80.000	160.000	91.150
4620 Ferðakostnaður forseta innanlands			80.000	60.000	24.925	50.000	30.000	13.330
4625 Ferðakostnaður stjórnar innanlands			50.000	50.000		20.000	20.000	0
4630 Ferðakostnaður forseta erlendis			160.000	170.000	124.630	215.000	400.000	438.557
4640 Ferðakostn. fulltrúa á Landsb.fund			130.000	100.000	164.240	130.000	130.000	78.435
4655 Ferðak. annarra emb. /fyrirverðandi forseta			130.000	50.000	126.799	50.000	50.000	64.250
4660 Lagt í ferðasjóð/ ferðastyrkir			60.000	60.000	186.759	60.000	60.000	60.000
Samtals ferðakostnaður			840.000	725.000	841.023	735.000	1.050.000	907.750
4710 Embættiskostnaður forseta (risna)			20.000	20.000	20.000	20.000	20.000	20.000
4720 Símakostnaður forseta			30.000	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000
Samtals gjöld			4.440.460	4.075.540	4.494.837	4.043.159	3.889.604	3.837.501
Afgangur			138.490	126.860	-6.523	79.541	8.346	-188.328
2110 Afborgun láns til KB-banka			52.000	70.000	69.359	70.000	70.000	69.359

SKÝRSLA SKÓLASTYRKJANEFNDAR

Skólastyrkjanefnd Soroptimistasambands Íslands hélt fund í byrjun desember 2004 þar sem tekin var fyrir umsókn sem barst um skólastyrk fyrir árið 2005-2006. Nefndin tók til starfa í desember 1991. Verkefni hennar er að vera ráðgefandi fyrir stjórn landsambandsins og fara yfir þær umsóknir sem berast. Ef þær uppfylla skilyrði sendir nefndin þær til formanns styrkjasjóðs SI/Evrópa. Einungis má senda tvær umsóknir frá hverju landi. Þar sem nefndinni barst aðeins ein umsókn, sem uppfyllti að mati nefndarinnar tilskildar kröfur, gat hún mælt með umsókninni. Umsækjandi að

þessu sinni var Ásdís Guðmundsdóttir, sem stundar meistaranám við Viðskiptaháskólann á Bifröst en hún hyggst vera við skiptinámsdvöl við Escuela de Administración de Empresas í Barcelona á Spáni næsta háskólaár. Mun námið þar vera hluti af meistaranámi Ásdísar. Skólastyrkjanefnd hvetur Soroptimista eindregið til að mæla með því að konur sækji um skólastyrk og minnir á að umsóknarfrestur er yfirleitt til mánaðamóta nóvember/desember ár hvert og eru styrkirnir svo veittir vegna skólaársins þar á eftir, næst fyrir skólaárið 2006 til 2007. Allar

frekari upplýsingar um umsóknir styrkja, umsóknareyðublöð og skilyrði umsóknar, er að finna á vefsíðu Soroptimistasambands Íslands, www.soroptimist.is. Skólastyrkjanefnd skipa Ingibjörg Benediktsdóttir formaður en auk hennar eru í nefndinni Sigrún Klara Hannesdóttir og Snjólaug Sigurðardóttir. Nefndarmenn veita fúslega allar upplýsingar vegna umsókna um styrki.

*F.h. Skólastyrkjanefndar
Ingibjörg Benediktsdóttir
formaður*

SKÝRSLA RITNEFNDAR

Kæru systur,
Eins og flestum er kunnugt hefur ný ritstjórn tekið við Fregnum. Við í ritstjórninni, eins og væntanlega allar fyrri ritstjórnir, höfum velt fyrir okkur hvort við eigum að gera einhverjar breytingar á Fregnum. Ekki stendur til að gera neinar byltingar á blaðinu, enda blaðið gott og ástæðulaust að breyta breytinganna vegna. Það er þó tvennt sem við viljum koma á framfæri við systur:

Í fyrsta lagi höfum við áhuga á að fá fleiri auglýsingar í blaðið, ekki aðeins til að lækka kostnað heldur einnig til að geta gert blaðið veglegra og hafa fleiri síður í lit. Við í ritstjórninni erum nú að afla auglýsinga, en við höfum einnig rætt um að fá eina systur úr okkar klúbbi til að sjá um auglýsingarnar. Við værum mjög þakklátar ef systur í öðrum klúbbum útveguðu auglýsingar í blaðið, annað hvort frá sínum eigin fyrirtækjum eða frá fyrirtækjum sem þær þekkja til.

Í öðru lagi viljum við endurvekja „Systraspegil“ en þessi greinaflokkur var mjög vinsælt efni í blaðinu og mikið lesinn. Í þessum greinum komu fram ólík sjónarhorn systra og mismunandi viðhorf þeirra til klúbbstarfsins. Jafnframt voru greinarnar oft mikið skemmtiefni. Við viljum fara af stað með samskonar greinaflokk þar

sem einhver systir segir frá upplifun sinni af klúbbsstarfinu, hugleiðingum sínum um starfið eða bara lífið og tilveruna. Fyrir útgáfu næsta blaðs mun ritstjóri hafa samband við einhvern klúbb og óska eftir grein fyrir þennan greinaflokk. Í þessu blaði riða á vaðið Anna Dýrfjörð og Hildur Hálfdanardóttir, klúbbsystur okkar í Kópavogi.

Kæru systur, við vonumst eftir jákvæðum viðbrögðum við þessum tillögum ritnefndar.

Hlökkum til að sjá ykkur á landssambandsfundinum þann 16. apríl.

*Með kærri kveðju,
ritnefnd Fregna.*



Borghildur, Þorbjörg, Hólmfríður, Hafdis og Sigurrós. Á myndina vantar Margræti Guðjónsdóttur

Ársreikningar

Soroptimistasambands Íslands 2003-2004

EFNAHAGSREIKNINGUR

	30.09.2004	30.09.2003
Eignir:		
Inneign í banka	789.221	473.315
Inneign í banka, Project Indep.	462.790	
Birgðir	236.466	245.508
Auglýsing í Fregnum	20.000	
Hamraborg 10	<u>5.435.000</u>	<u>5.301.000</u>
SAMTALS EIGNIR	6.943.477	6.019.823
Skuldir og eigið fé		
Skuldir:		
Skuld við KBbanka	121.377	190.737
Ógreiddir reikningar	310.393	34.405
Ógreitt v. Project Independence	462.790	
Ógreitt v. ferðasjóðs	126.759	
Efurstöðvar sérverkefnis		<u>26.164</u>
Samtals skuldir	<u>1.021.319</u>	<u>251.306</u>
Eigið fé:		
Eigið fé 1.okt.	3.709.409	3.897.737
Tap ársins	(6.523)	(188.328)
Hagnaður v. sérverkefna frá árum áður	26.164	
Endurmat fasteignar	<u>2.193.108</u>	<u>2.059.108</u>
Eigið fé 30.sept.	5.922.158	5.768.517
SAMTALS SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	6.943.477	6.019.823

Áritun kjörinna skoðunarmanna Soroptimistasambands Íslands

Við höfum yfirfarið bókhald Soroptimistasambands Íslands og borið færslur saman við fylgiskjöl. Einnig höfum við athugað bankainnstæður og eru tilgreindar fjárhæðir fyrir hendi.

Kópavogi, 17.02.....2005

REKSTRARREIKNINGUR

1. október - 30. september

	2003-2004	Fjárhagsáætlun 2003-2004	2002-2003
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld og áskriftir	3.671.850	3.977.700	3.550.975
Vörusala	19.900	25.000	21.800
Auglýsing í Fregnum	70.000	60.000	25.000
Vextir	34.985	60.000	51.398
	<u>3.796.735</u>	<u>4.122.700</u>	<u>3.649.173</u>
Aðrar tekjur			
Styrkur KBbanka	200.000		
Þrjátíuára afmæli	228.789		
Project Independence	462.790		
	<u>891.579</u>		
SAMTALS TEKJUR	4.688.314	4.122.700	3.649.173
Rekstrargjöld			
Félagsgjöld og áskriftir	1.513.325	1.743.159	1.876.347
Rekstrarkostnaður	1.481.809	1.260.000	793.554
Vörukaup		50.000	14.645
Endurmat birgða	9.042		28.971
Rekstur húsnæðis	336.848	205.000	166.234
Ferðakostnaður	841.023	735.000	907.750
Embættiskostnaður forseta	50.000	50.000	50.000
	<u>4.232.047</u>	<u>4.043.159</u>	<u>3.837.501</u>
Önnur gjöld			
Project Independence	462.790		
SAMTALS GJÖLD	4.694.837	4.043.159	3.837.501
Rekstrarniðurstaða	(6.523)	79.541	(188.328)

Vörusala kr. 19.900 eru tekjur af sölu nafnalistahulstra.
Margrét gjaldkeri verður með hulstrin til sölu
á landssambandsfundinum.

SKÝRINGAR MEÐ REKSTRARREIKNINGI

Starfsárið 2003-2004 var um margt óvenjulegt reikningslega séð og langar mig að geta nokkurra atriða varðandi reksturinn.

Í fjárhagsáætlun var reiknað með meiri tekjum, þar sem talið var að nýi klúbburinn á Austurlandi yrði stofnaður, en stofnunin dróst fram í september og því koma ekki tekjur af þeim klúbbsi fyrir en ári seinna. Heildarfjöldi íslenskra Soroptimista var 422. Á sama hátt er greiðsla til Evrópusambandsins lægri en áætlað var.

Rekstrarkostnaður:

Pappír, ritföng, prentun	kr.	49.870
Burðargjöld	“	53.062
Sími, internet	“	84.637
Gjafir	“	15.660
Verkefni forseta	“	201.572
Kostnaður v. erlendra gesta	“	7.750
Kostnaður v. 30 ára afmælis	“	200.000
Haustfundur Munaðarnesi	“	102.030
Kostnaður v. landssambandsf.	“	9.592
Kostnaður v. funda	“	24.587
Bankakostnaður	“	2.765
Auka eintök af Directory SI/E	“	7.656
Prentun Fregna	“	528.752
Prentun nafnalista	“	178.936
Innbinding fundargerða	“	14.940
samtals	kr.	1.481.809

Rekstur húsnæðis:

Rafmagn, viðhald	“	10.409
Ljósritunarvél	“	79.900
Símabúnaður	“	44.900
Skápur	“	40.386
Skrifstofubúnaður	“	28.872
Húsfélagsgjöld	“	68.379
Tryggingar	“	27.188
Fjármagnskostn.v.láns	“	36.814
samtals	kr.	336.848

Ferðakostnaður:

Dagpeningar sendifulltrúa	kr.	178.080
Fargjald varasendifulltrúa	“	35.590
Ferðakostnaður forseta	“	149.555
Ferðakostnaður embættismanna	“	126.799
Ferðakostnaður fulltrúa	“	164.240
Framlag í ferðasjóð	“	186.759
samtals	kr.	841.023

Project Independence:

Inneign á reikningi 0319-26-315	kr.	42.700
Inneign á reikningi 1101-05-418091	kr.	420.090
samtals	kr.	462.790

Þetta eru bæði afmælisgjafir og sérframlög klúbba.

Verkefni forseta er liður sem er hærri en gert var ráð fyrir í áætlun, þ.e. kr. 201.572. Hér er fjárhæð eyrnamerkt friðarmaraboninu í Ruanda í vor, auk þess sem hluti fjárens fór til Auðar Guðjónsdóttur og í kostnað vegna erindis „mannauður innflytjenda“ sem flutt var á síðasta landssambandsfundi. Þess má geta, að starfsárið þar á undan voru einungis notaðar tæplega kr. 48.000 í þennan lið, en áætlun gerði ráð fyrir kr. 150.000.

Þar sem landssambandið átti 30 ára afmæli og ekki hafði verið reiknað með kostnaði vegna þess, leituum við eftir styrk til afmælishalds. Viðskiptabanki okkar, KBBanki, veitti okkur styrk að fjárhæð kr. 200.000, auk þess styrktu Egill Skallagrímsson hf. og Móna sælgætisgerð okkur. Þetta skýrir tekjuliðinn og útgjaldaliðinn vegna afmælis.

Í tilefni afmælisins fengum við erlenda gesti, sem fóru í ferð um landið er við skipulögðum. Í upphafi vissum við ekki hve margir gestir kæmu, en tilboð ferðaskrifstofunnar, sem sá um ferðina, var mishátt eftir því hve margir kæmu. Í okkar verðlagningu þorðum við ekki annað en reikna með minnsta fjölda. Reyndin varð sú að við náðum verði ódýrasta pakkans, við höfðum því tekjuafgang kr. 228.789. Ákveðið var að nota þennan tekjuafgang til framlags í ferðasjóð kr. 126.759, til að hvetja konur til að taka þátt í Soroptimistaþingum erlendis og kr. 102.030 til niðurgreiðslu á kostnaði við leigu sumarhúsa í Munaðarnesi á haustfundi, til að hvetja konur til að mæta, en leiguverð hafði hækkað þar sem komnir voru heitir pottar við bústaðina. Þetta skýrir háan kostnað við Munaðarnesfund og hátt framlag í ferðasjóð.

Rekstur húsnæðis var hærri en áætlað var þar sem ljósritunarvélin gaf upp öndina og við þurftum því að kaupa nýja. Fjarfundarsími var keyptur til að auðvelda þátttöku alls staðar að af landinu í fundarhaldi og nýr prentari var keyptur þar sem sá gamli var löngu úr sér genginn. Auk þessa var keyptur skápur til að geyma skjöl o.fl. sem nóg er af í Hamraborginni.

Ferðakostnaður fulltrúa og embættismanna innanlands var hærri en gert hafði verið ráð fyrir, svo og dagpeningar sendifulltrúa, en á móti kemur að fargjöld á sendifulltrúafundinn fengust mun ódýrari.

Nýtt alþjóðverkefni Soroptimista, Project Independence - Women Survivors of War, kemur hér nýtt inn sem stór liður, þar sem klúbbar styrktu það rausnalega, bæði sem klúbbframlög og sem afmælisgjafir til landssambandsins. Fjárframlög til þess var kr. 462.790 fyrir utan þær 350 kr. sem hver kona greiðir til alþjóðaverkefnis ár hvert.

Ég tel að niðurstaða ársins sé ásættanleg, þar sem mikið var um að vera á árinu og tap þess var þó aðeins kr. 6.523.

*Margrét Helgadóttir,
gjaldkeri landssambandsins.*

SYSTRASJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR

1. október - 30. september

	2003-2004	2002-2003
Rekstrartekjur:		
Framlag Soroptimista	kr. 148.400	kr. 147.000
Vextir	" 38.113	" 48.217
Tekjur samtals	kr. 186.513	kr. 195.217
Rekstrargjöld:		
Styrkir veittir	kr. 424.000	" 0
Gjöld samtals	kr. 424.000	0
Rekstrarniðurstaða	kr. (237.487)	kr. 195.217

EFNAHAGSREIKNINGUR

	30.09.2004	30.09.2003
Eignir:		
Inneign á reikningi nr.780011	kr. 646.600	kr. 884.087
Eigið fé:		
Höfuðstóll:		
Frá fyrra ári	kr. 884.087	kr. 688.870
Tap ársins	" -237.487	kr. 195.217
Eigið fé samtals	kr. 646.600	kr. 884.087

Áritun kjörinna skoðunarmanna Soroptimistasambands Íslands.

Við höfum yfirfarið bókhald Systrasjóðs Soroptimistasambands Íslands og borið færslur saman við fylgiskjöl. Einnig höfum við athugað bankainnistæður og eru tilgreindar fjárhæðir fyrir hendi.

Kópavogi, 17.02.....2005

Guðrún Þorvaldsson

Jón Þórnud

FERÐASJÓÐUR

REKSTRARREIKNINGUR

1. október - 30. september

	2003-2004	2002-2003
Rekstrartekjur:		
Framlag skv. fjárhagsáætlun	kr. 60.000	kr. 60.000
Framlag annað	" 126.759	
Vextir	" 5.979	kr. 10.209
Rekstrartekjur samtals	kr. 192.738	kr. 70.209
Rekstrargjöld:		
Veittur styrkur	kr. 0	kr. 80.000
Rekstrarniðurstaða	kr. 192.738	kr. (9.791)


EfnaHagsREIKNINGUR

	30.09.2004	30.09.2003
Eignir:		
Inneign á reikningi nr.875689	kr. 226.794	kr. 160.815
Inneign á reikningi nr. 315	" 126.759	0
	kr. 353.553	kr. 160.815
Eigið fé:		
Höfuðstóll:		
Frá fyrra ári	kr. 160.815	kr. 170.606
Hagnaður (Tap) ársins	" 192.738	kr. (9.791)
Eigið fé samtals	kr. 353.553	kr. 160.815

Áritun kjörinna skoðunarmanna Soroptimistasambands Íslands.

Við höfum yfirfarið bókhald Ferðasjóðs Soroptimistasambands Íslands og borið færslur saman við fylgiskjöl. Einnig höfum við athugað bankainnistæður og eru tilgreindar fjárhæðir fyrir hendi.

Kópavogi, 17.02.....2005





Frá sendifulltrúum

Hvers vegna eru starfandi sendifulltrúar hjá landssambandinu, hvert er þeirra hlutverk?

Hvert landssamband Soroptimista kys sér einn sendifulltrúa á hverju ári. Hver sendifulltrúi er kjörinn til tveggja ára og því eru ávallt tveir sendifulltrúar starfandi hverju sinni, einn kemur inn nýr og fyrir er annar sem starfað hefur eitt ár. Sendifulltrúi er fulltrúi landssambandsins, þ.e. allra Soroptimista á Íslandi á svokölluðum sendifulltrúafundum Evrópusambandsins. Á sendifulltrúafundunum koma saman sendifulltrúar allra landa í Evrópu ásamt forsetum sömu landa. Sú hefð hefur skapast á Íslandi að varasendifulltrúi á seinna ári mætir einnig á fundina til að setja sig inn í málin fyrir næsta ár þegar hann tekur við sem aðalfulltrúi. Þessum fundum stjórnar forseti Evrópusambandsins ásamt stjórn sinni og þar flytja verkefnastjórnar og aðrir embættismenn skýrslur frá síðasta starfsári. Þessar skýrslur þarf að samþykka sem og ýmis mál er varða samtökin og eru það eingöngu sendifulltrúarnir sem hafa atkvæðisrétt ef um kosningar er að ræða. Þetta er sama kerfi og í landssamböndunum þar sem klúbbarnir kjósa sér fulltrúa sem fara með atkvæðisrétt fyrir hönd síns klúbbs.

Evrópuþingin eru haldin fjórða hvert ár og mitt á milli þeirra eru svo Alheimsþingin haldin, einnig á fjögurra ára fresti. Öllum Soroptimistum er velkomið að sækja þessi stóru þing og nú í sumar verður Evrópuþingið haldið í Vínarborg dagana 8.-10. júlí. Næsta Alheimsþing verður haldið í júlímánuði 2007 í Glasgow í Skotlandi. Til að auðvelda þeim sem þurfa að sækja þessi þing og til að spara ferðakostnað er sendifulltrúafundurinn haldinn í tengslum við Evrópuþingið og að þessu sinni verður hann haldinn 6.-7. júlí. Ferðakostnaður sendifulltrúa er greiddur af Evrópusambandinu en uppihald þá daga sem fundurinn stendur og tvo hálfra ferðadaga er greiddur af landssambandinu. Sendifulltrúafund-



urinn stendur oftast í tvo daga og er dagskráin mjög löng, margar skýrslur sem þarf að afgreiða og mörg málefni rædd. Sendifulltrúum ber að skila skýrslu um þessa fundi. Hjá okkur er sú regla viðhöfð að birta skýrsluna í Fregnum í haustblaðinu og jafnframt að segja frá sendifulltrúafundinum á haustfundi í Munaðarnesi.

Sendifulltrúi getur ekki gegnt öðrum embættum meðan hann er starfandi sendifulltrúi og verður því að láta af þeim embættum sem hann kann að vera í verði hann kosinn. Eingöngu þær sem gegnt hafa störfum fyrir landssambandið eru kjörgengar og þurfa auk þess að hafa gegnt stöðu fulltrúa í sínum klúbbi. Í reglugerð landssambandsins er kveðið á um að æskilegt sé að sendifulltrúi hafi gegnt stöðu varasendifulltrúa og því hefur sú hefð skapast hér að varasendifulltrúar ganga upp í embætti sendifulltrúa. Þar sem sendifulltrúafundirnir fara fram á ensku og frönsku er nauðsynlegt að sendifulltrúar hafi gott vald á þessum tungumálum, a.m.k. öðru þeirra. Starf sendifulltrúans er mjög áhugavert og skemmtilegt og skapast góð tækifæri til að kynnast Soroptimistasystur hvaðanæva að úr heiminum auk þess sem það er sérlega gefandi að vinna fyrir okkar góðu samtök eins og við vitum allar.

*Með systrakveðjum,
Sigríður Ágústs dóttir og
Kristín Sjöfn Helgadóttir*

sendifulltrúar

Spennandi ferðir framundan

2. - 6. júní 2005 verður golfmót Soroptimista haldið í Kitzbühel í Austurríki.

Frekari upplýsingar er að fá hjá: monika.studer@soroptimist.li

17.-24. júní 2005 verða vinadagar í Rhenen/Veenendaal í Hollandi Þar er um að ræða vikuféð um Holland og lofa systur að sýna okkur annað en hinar hefðbundnu ferðaskrifstofur gera venjulega. Segja þær meira að segja að hollensk matargerð eigi sínar góðu hliðar! Nægur tími verður til að versla og jafnframt til að kynnast hollenskum Soroptimistasysturum hvort heldur verður á ferðalaginu sjálfu, en ferðast verður um í rútu, eða í heimagistingu sem boðið verður upp á.

Nánari upplýsingar veitir Femke Marvin
Zandhevelstraat 2
3911 NK Rhenen,
sími +31 317 615488,
marvin.marema@planet.nl

Þetta árið verður engin ferð um Austurríki fyrir unglunga (Youth Croisiere) eins og verið hefur undanfarin ár, þar sem mikill tími fer í undirbúning Evrópuþingsins í Vínarborg í sumar. Þess í stað er auglýst eftir hugmyndum frá ungu fólki varðandi frið. Þremur bestu hugmyndasmiðunum verður boðið til Austurríkis á Youth Croisiere 2006. Hugmyndir óskast sendar fyrir 10. maí 2005. Vinsamlegast farið inn á heimasíðu Soroptimisteurope.org, finnið austurríska tengilinn og smellið þar á aktuelles.

Skýrsla upplýsingafulltrúa

Starf upplýsingafulltrúa hefur verið fremur rólegt síðan á landssambandsfundinum á Akranesi í júní 2004. Þá var lokið útgáfu og prentun á upplýsingabæklingi Soroptimistasambandsins. Jafnframt hafði „Handbók um Soroptimistahreyfinguna“ verið uppfærð og endurútgefin og henni dreift til allra klúbba haustið 2003. Miðað við vinnuna sem lögð var í ofangreind gögn landssambandsins hefur síðasta tímabil verið afskaplega rólegt.

Upplag handbókarinnar var til þurrðar gengið og endurprentað nú eftir áramótin. Formönnum klúbba vil ég benda á, að hægt er að nálgast handbækur fyrir nýja félagi á skrifstofunni í Hamraborg. Þeim klúbbum sem ekki eru á höfuðborgarsvæðinu mun ég fúslega senda handbækur í pósti, og bið ég ykkur að hafa samband við mig, þegar ykkur vantar handbækur. Ég vona að fjölgun systra í klúbbum sé svo mikil, að brýn þörf verði fyrir handbækur til viðbótar þeim sem til eru í klúbbunum.

Upplýsingabæklinginn, þ.e. þríblöðunginn, vona ég að þið séuð duglegar að nota til kynningar á Soroptimistasamtökunum. Bæklingurinn mætti gjarnan liggja frammi á bæjarskrifstofum, sýsluskrifstofum, læknastofum eða einhverjum þeim stöðum sem þið teljið að gott sé að kynna samtökin okkar. (Ég er alltaf með bæklinginn í veskinu mínu - tilbúin þegar og ef!).

Í starfslýsingu upplýsingafulltrúa kemur fram, að skrifa skuli fréttir frá Soroptimistastarfinu í það minnsta þrisvar á ári, þ.e. eftir landssambandsfund, eftir haustfund og á Soroptimistadaginn 10. desember. Ég sendi greinar í Morgunblaðið strax eftir landssambandsfundinn og einnig eftir haustfundinn í Munaðarnesi, sem þar voru birtar með myndum.

Á Soroptimistadeginum birtist frétt sem Ásgerður Kjartansdóttir skrifaði og bar yfirskriftina „Hvernig styðjum við konur á stríðsátakasvæðum?“. Var það í tilefni af 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi, sem ýmis félagasambönd stóðu fyrir 25. nóvember til 10. desember sl.

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa sent mér blaðaúrklippur til að líma inn í úrklippubók landsambandsins. Ennþá eru nokkrir klúbbar sem ég hef ekkert heyrt frá og bið ég þá enn einu sinni að kanna hvort ekki leynist einhvers staðar ný eða gömul frétt af klúbbstarfinu, sem gaman væri að líma inn í úrklippubókina.

Verum sýnilegar - látum í okkur heyra - verum alheimsródd kvenna!

Hildur Hálfðanardóttir.

Skýrslur verkefnastjóra

ALÞJÓÐLEG VINÁTTA OG SKILNINGUR

Tímabilið 1. okt. 2003 - 30. sept. 2004.

Allir klúbbarnir 16 sendu inn skýrslur, þannig að fyrir rest urðu 100% skil. Allir klúbbarnir nema sá yngsti eru með sambönd við vinaklúbba erlendis, allt frá 1 og uppi 7 klúbba. Send eru bréf að hausti og bréf eða kort um jól.

Verkefni

Athygli

Ásgerður Kjartansdóttir kom á fundi í Soroptimistaklúbbum Akraness, Akureyrar, Húsavíkur og Skagafjarðar og fræddi systur um 4ra ára verkefni alþjóðaforseta 2003 - 2007 „Project Independence, Women Survivors of War“. Einnig var Hafdís Karlsdóttir landssambandsforseti með í ferð til norðanklúbba. Þá sagði Ásgerður frá lífi kvenna í Malavi, í máli og myndum, á fundi hjá Akranessystur. Í Húsavíkurklúbba sagði systir frá heimsókn sinni s.l. haust til Króatíu, þar sem hún hitti Soroptimistasystur. Kópavogsklúbbur: Þorbjörg Kristinsdóttir, fyrrverandi verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings, hefur í ár, eins og undanfarin ár, lesið og þýtt yfir á íslensku áhuga-verða kafla úr Link og The International Soroptimist. Hún les þessar þýðingar sínar á fundum og deilir þannig með okkur áhugaverðum upplýsingum, sem veita okkur innsýn

í áhugaverð málefni sem unnin eru á alþjóðavettvangi Soroptimista.

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar fékk Hafdís Karlsdóttur landssambandsforseta á fund til sín og fræddi hún þær um störf Soroptimista innanlands og utan. Hildur Guðmundsdóttir og Salome Þorkelsdóttir þýddu og lásu efni úr Link á fundum.

Reykjavíkurklúbbur: Tvær systur úr klúbbnum héldu fund með Amal Tamimi til að kynna sér starfsemi nýstofnaðs félags kvenna af erlendum uppruna á Íslandi. Seltjarnarnes: Einar Skúlason, forstöðumaður Alþjóðahúss hélt erindi.

Atfylgi

Akureyri: Veittur var styrkur til Alþjóðastofu á Akureyri til þess að halda íslenskunámskeið fyrir konur af erlendum uppruna.

Mosfellssveit: Stuðningur við verkefnið „Project Independence - Women Survivors of War“

Seltjarnarnes: Klúbburinn styrkir fösturdóttur í Betlehem í Palestínu.

Snæfellsnes: Klúbburinn styrkti Jón Odd á Ólympíuleika fatlaðra í Aþenu.

Athöfn

Akureyri: Sigríður Ágústsdóttir, sendifulltrúi vígði nýjan klúbb í Telfs í Austurríki. Um leið var stofnað til vináttusambands milli Soroptimistaklúbbs Akureyrar og klúbbsins í Telfs. Angela Domenig skiptinemin frá Austurríki dvaldi hjá þremur klúbbsystur, þeim Sigríði Ág., Sr. Sólveigu og Þórunni í tæpa 6 mánuði.

Klúbburinn tók á móti hópi Soroptimistasystra frá 5 löndum í tengslum við afmæli landssambandsins, hafði kvöldverð fyrir þær og 5 systur buðu upp á heimagistingu. Bakka og Selja klúbburinn tók á móti 30 Dönnum í tengslum við afmæli landssambandsins, 18 systur og 12 makar. Þetta voru systur úr vinaklúbbi þeirra í Esbjerg. Bakka og Selja systur náðu í hópinn til Keflavíkur og óku honum til baka síðar. Einnig fluttu þær hópinn í móttökuuna í Þjóðarbókhöðunni. Fyrir rútuferðina á fundardaginn nestuðu systur hópinn sinn. Öllum hópnum var svo boðið í kvöldverðarboð á vegum klúbbsins. Hluti hópsins kom í kvöldverðarboð að auki á heimili 4ra systra. Vigdís Pálsdóttir tók þátt í „Friendship Link program“ í Kaliforníu í boði Soroptimista þar. Þáði hún boð nokkurra klúbba. Húsavík og nágrenni: Húsavíkursystur fóru til Kaupmannahafnar og heimsóttu Soroptimistaklúbb í Fredriksberg Gentofte, sem varð síðar vinaklúbbur þeirra. Einnig tóku þær á móti Soroptimistasystur frá 5 löndum og mökum þeirra að afstöðnum landssambandsfund. Reykjavík: Stofnað var til vinaklúbbasambands milli Reykjavíkurklúbbsins og Sioux Falls, Suður Dakota 21. sept. 2004. Haldið var matarboð á heimili formanns fyrir 7 erlendar systur í tengslum við landssambandsfund. Einnig var tekið á móti systur Jeanette Griffiths frá Nýja Sjálandi, sem dvaldi á heimili og í sumarbústað Ásgerðar í eina viku og ferðaðist Ásgerður með hana um landið. Haldið var boð heima hjá Ástu Hannesdóttur vegna heimsóknar systur frá Ástralíu. Skagafjarðarklúbburinn tók einnig á móti systur og mökum þeirra vegna 30 ára afmælis landssambandsins. Snæfellsnessklúbburinn tók líka á móti erlendu gestunum og var gíst þar í lok ferðar. Haldið var konukvöld í Snæfellsbæ, þar sem erlendum konum var m.a. boðið.

Ferðir íslenskra Soroptimista

8 systur úr Grafarvogsklúbbi heimsóttu vinaklúbb sinn í Ikast í Danmörku. Á eftir fóru þær á Norrænu vinadagana í Danmörku. 1 systir frá Húsavík fór til Króatíu. Skagafjarðarsystur, 9 talsins heimsóttu vinaklúbb í Alpen And Den Rijn í Hollandi.

Heimsóknir erlendra Soroptimista

Vigdís Pálsdóttir tók á móti sænskri systur. Hafnarfjarðar og Garðabæjarklúbburinn tók á móti fjórum systur frá Hollandi, einni frá Bretlandi og einni frá Ástralíu. Hóla og Fella klúbburinn tók á móti einni systur frá Bretlandi Mildred Vause og bauð henni á fund. Hún kynnti klúbbinn sinn, sem hefur tvo fundi í mánuði. Til fjáröfl-

unar býr klúbburinn hennar til súkkulaði, mjög gott, sem Mildred bauð systur uppá. Reykjavíkurklúbburinn tók á móti sjö erlendum systur í tengslum við landssambandsfund, einni systur frá Nýja Sjálandi og haldið var boð heima hjá Ástu Hannesdóttur vegna heimsóknar systur frá Ástralíu.

Gjafir eða söfnun

Akureyri: Ein systir Helena Dejak gaf erlendum Soroptimistasystur á ferð um Norðurland slípaða steina í fjallagrasi, sem hún hafði útbúið sjálf. Angelu Domenig var gefin lopapeysa 5.000,- kr., Bakka og Seljaklúbburinn safnaði 84.475,-kr., sem fór í að standa straum af kostnaði við komu dönsku systranna. Grafarvogsklúbburinn gaf 16.000,-kr., gestabók til vinaklúbbsins í Ikast, Danmörku. Skagafjarðarklúbburinn gaf bókagjöf og myndband um Ísland til vinaklúbbsins í Hollandi.

Fjárstuðningur

Akranes	23.000,-	Alþjóðaverkefni SI
Akureyri	30.000,-	Alþjóðastofa, Ak. íslenskunámskeið.
Hafnarfj. og Garðabær	22.517,-	Verkefnið "Götubörn í Eistlandi.
Húsavík og nágrenni	16.800,-	SOS-barnaþorp.
Kópavogur	10.000,-	Hjálparstarf á Indlandi.
Mosfellssveit	12.000,-	Project Independence
Seltjarnarnes	30.000,-	Til fösturdóttur í Betlehem í Palestínu.
Snæfellsnes	165.000,-	Til Jóns Odds v/Ólympíuleika fatlaðra.

Sjálfbodaliðastarf í klst.

Akureyri:	60 klst.	í sambandi við móttöku á erlendum gestum í júní 2004.
Bakka og Selja:	161 klst.	vegna komu dönsku systranna.
Bakka og Selja:	72 klst.	fjáröflun í Kolaporti.
Grafarvogur:	8 klst.	engin útskýring.

Athugasemdir

Soroptimistaklúbbur Akureyrar sendi eina verkefnakjarnaskýrslu. Soroptimistaklúbbur Austurlands hefur einbeitt sér að innra starfi klúbbsins s.l. ár. Hafa þær verið að afla sér þekkingar og byggja upp starfsemi klúbbsins, sem hefur tekist vel og er góður andi í klúbbum. Bein vinna á verkefnasviði Alþjóðlegrar vináttu og skilnings fór ekki fram s.l. ár, en vetrarstarfið í ár byrjaði af fullum krafti og verður sagt frá því í næstu skýrslu. Soroptimistaklúbbur Árbæjar sendi eina verkefnakjarnaskýrslu. Soroptimistaklúbbur Grafarvogs sendi eina verkefnakjarnaskýrslu.

*Með systrakveðju,
Ragnheiður Stefánsdóttir.
Verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings.*

EfnaHags- og Félagsleg Þróun

Skýrslur bárust frá öllum 16 klúbbunum á landinu og er skýrsla þessi byggð á þeirra greinargerðum.

A. Þátttaka í verkefnakjarna Efnahags- og félaglegrar þróunar (Activities on the main topics of the ESD Programme Area)

1. Uppræting fátæktar (Eradication of Poverty)

Athygli

Vaxandi fátækt hinna ýmsu hópa í samfélaginu hefur verið umfjöllunarefni allra klúbba. Stuðningur hefur verið veittur í formi frjárframlaga og aðstoðar af öðru tagi. Fátæk skólabörn hafa jafnframt verið sérstaklega í umræðunni. Ekki hefur enn fundist ákveðinn farvegur fyrir þann málaflokk, sem er viðkvæmur og hefur reynst erfitt að nálgast etv. vegna smæðar samfélagsins. Hafnarfjörður og Garðabær: Sérfræðingur SPH verðbréfa flutti erindið „Ávöxtun fyrir þig og þína”.

Athöfn

Akranes: Til fjáröflunar voru bakaðar og seldar pönnukökur í fyrirtæki á bóndadaginn og sala á kortum og handklæðum allt árið. Samtals um 120 vinnustundir. Gefnar jólagjafir til sambýla fatlaðra. (kr.30.000.-) Gefnar peninggjafir til sambýla fatlaðra. (kr. 200.000). Árbær: Matarkörfur gefnar til barnafjölskyldna í Árbær (kr.75.000). Hafnarfjörður og Garðabær: Vismönnum í Krisuvík færðar jólagjafir. (kr.?) Fjárstuðningur til einstæðrar móður (kr.100.000) Mosfellssveit: Gefnar jóla- og afmælisgjafir til bræðra á Skálatúni (kr. 5.000). Fiskisala til fjáröflunar allt árið. Seltjarnarnes: Íbúum í sambýli geðfatlaðra færðar jólagjafir og smákökur. Snæfellsnes: Styrkur til verkefnisins „Project Independece” (kr.10.000).

2. Starfsmöguleikar og jöfn tækifæri (Employment and Equal opportunities)

Athygli

Hóla og Fella: Framkvæmdastjóri Visa Ísland kynnti starfsemina og leiddi systur í allan sannleikann um kreditkort. Reykjavík: Lögfræðingur og fv. framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Háskóla Íslands kom á fund og hélt erindi um möguleika eldra fólks á vinnumarkaði. Fjallaði jafnframt um aldursjafnrétti og um hæfileika eldra starfsfólks sem sem býr yfir mikilli reynslu og þekkingu en oft er horft framhjá.

Athöfn

Húsavík og nágrenni: Vinnustaðafundur í Fiskiðjusamlagi Húsavíkur, þar sem ein systir kynnti starf og vinnslu sem þar fer fram.

3. Félagslegt öryggi og þróun (Social Justice and Development)

Athygli

Akureyri: Forstöðumaður Alþjóðastofu á Akureyri sagði frá

starfseminni þar og frá málefnum innflytjenda á Akureyri. Austurland: Félagsmálastjóri á Austurlandi kynnti starf sitt og verkefnið og störf hinna ýmsu nefnda innan þess sviðs. Fyrir hann jafnframt yfir þá þróun sem hefur orðið á þessum vettvangi á síðustu árum.

Hafnarfjörður og Garðabær: Vinnustaðafundur hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Forstöðumaður reikningshalds flutti erindið „Að hætta að vinna”.

Hóla og Fella: Systir kynnti fyrir klúbbsystur málefni barna með heilaskaðann C.P. (Cerebral Palsy).

Keflavík: Fyrirlestur frá forvarnar- og æskulýðsfulltrúa Reykjanesbæjar.

Seltjarnarnes: Starfsmaður frá eignastýringu hjá Íslandsbanka hélt fyrirlestur í Kornhlöðunni.

Atfylgi

Akureyri: Stofnuð „Kærleiksnefnd”. Henni er ætlað að huga að þeim klúbbfélögum sem einhverra aðstæðna vegna þurfa á stuðningi að halda.

Athöfn

Akureyri: Séð um akstur á bókum til aldraðra, nú aðra hverja viku allt árið. Bakaðar smákökur sem gefnar eru með bókasendingunum fyrir jólin. Samtals um 160 vinnustundir.

Austurland: Félagsmiðstöð ungs fólks á Egilsstöðum sem nefnist Húsið færð peningaupphæð til tækjakaupa (kr.120.000).

Árbær: Kaffisamsæti fyrir eldri borgara á uppstigningardag eftir messu. Fermingarborn klædd í kyrtla. Samvera með mökum hjá systur að Kletti í Biskupstungum.

Bakka og Selja: Staðið fyrir kaffi fyrir aldraða í Seljakirkju á uppstigningardag. Lagðar til kökur og önnur vinna því tilheyrandi. Vinnuframlag um 57 klst.

Hafnarfjörður og Garðabær: Fjárstyrkur til Heilsugæslustöðvarinnar Sólvangi og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, vegna námsefnis í foreldrafærni „PMT” (kr. 300.000).

Hóla og Fella: Styrkt útgáfa á bæklingi um heilaskaðann C.P. (Cerebral Palsy) (kr. 100.000)

Húsavík og nágrenni: Unnið við endurbætur og viðhald á Sumarbúðunum við Vestmannsvatn. Samtals um 110 klst . vinnuframlag ásamt fleiru sem nefnt er undir liðnum „annað”.

Kópavogur: Systur sáu um kaffi í Sunnuhlíð í tilefni basars hjá Dagdvölinni þar og gáfu andvirði sölunnar til Dagdvalarinnar (kr. 41.000)

Systur reka litla verslun í Sunnuhlíð allt árið. Þetta er frekar hugsað sem þjónusta við íbúana heldur en fjáröflun, rekstrinum verður haldið áfram. Vinnustundir eru ómælanlegar.

Mosfellssveit: Heimsókn til Akranesklúbbs.

Gefin minningarkort til Hjúkrunarþjónustunnar Karitas, í minningu látinnar systur (kr. 2.400).

Laufbrauðskökur skornar og steiktar, samtals 920 stk. Samtals um 300 vinnustundir ásamt vinnu við þorablóts-hald sem annars staðar er tekið fram.

Reykjavík: Leikföng endurnýjuð á Litla-Hrauni (kr.30.000).

Gefin fjárupphæð til húsgagnakaupa á iðjuþjálfunardeild Landakotsspítala. Húsgögnin eru notuð í meðferðarskyni fyrir einstaklinga með heilabilun (kr.100.000)

Seltjarnarnes: Styrkur til námskeiðshalds fyrir foreldra nýgreindra einhverfra barna með útgáfu og sölu á bókinni „Tilfinningar”. (kr.?)

Snæfellsnes: Jón Oddur Halldórsson styrktur til þátttöku

í Ólympíuleikum fatlaðra í Aþenu 2004 (kr.165.000). Sjálfboðaliðastarf á Elliheimilinu Jaðri Ólafsvík, samtals 16 klst.

4. Hvatning/„Starfsmöguleikar” kvenna (empowerment of Women)

Athygli

Bakka og Selja: Fyrirlestur kennara sem nú starfar hjá Kristniboðssambandinu.
Hafnarfjörður og Garðabær: 28 systur heimsóttu aðalstöðvar OECD í París. Þar er klúbbsystir, Berglind Ásgeirsdóttir einn af fjórum framkvæmdastjórum. Hún flutti erindi um starfsemi OECD. Fulltrúi Íslands hjá sömu stofnun flutti einnig erindi um sitt starf og Sigríður Snævar sendiherra hitti systur, spjallaði við þær og sýndi þeim húsakynni stofnunarinnar ásamt Berglindi.
Kópavogur: Haldinn fyrirlestur um konur í landbúnaði.
Reykjavík: Verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings sagði frá fundi sem hún og verkefnastjóri efnahags- og félagslegrar þróunar héldu með Amal Tamimi, stjórnarkonu í Samtökum kvenna af erlendum uppruna. Ræddu þær um hugsanlegan styrk til þeirra til íslenskukennslu. Áhugi er hjá klúbbum fyrir þessu verkefni en ekki fengið frekari afgreiðslu ennþá.

Athöfn

Akureyri: Styrkur til Alþjóðastofu á Akureyri v. íslensku námskeiðs fyrir innflytjendur (kr.30.000).
Bakka og Selja: Vinnustaðafundur haldinn í leikskólanum Heiðarborg þar sem klúbbsystir er forstöðumaður. Starfsemin kynnt klúbbsystur tóku þátt í listverkefni.

B: Þátttaka í verkefninu „Women Building Peace”, þema Evrópusambandsins
(Activities within the Federation Project „Women Building Peace”)

C: Samvinnuverkefni
(Sharing Projects)

Athöfn

Mosfellssveit: Séð um þorablót fyrir eldri borgara í Mosfellsbæ í samvinnu við aðra þjónustuklúbba í bænum. (kr. 95.133).

D: Annað
(Other)

Athöfn

Grafarvogur: Þökkun á söluvarningi til fjáröflunar, samtals um 23 vinnustundir.
Húsavík og nágrenni: Séð um dreifingu á Árbók Þingeyinga. Kakósala þegar kveikt var á jólatré bæjarins.
Hnakkabein saumuð til fjáröflunar.
Kópavogur: Jólakort og jólapakkaspjöld voru gefin út eftir mynd sem Jónína Magnúsdóttir, Ninný, myndlistarmaður og klúbbsystir hannaði og nefnir „Kærleikur”. Systur komu saman tvisvar sinnum eftir fund til að pakka kortum.
Mosfellssveit: Útivist og berjatínsla við Þingvallavatn.
Skagafjörður: Seld kort eftir Önnu Sigríði Hróðmarsdóttur. Seldar matreiðslubækur.
Snæfellsnes: Sótt um styrk til Pokasjóðs til stuðnings Jóns Odds Halldórssonar, vegna undirbúnings fyrir Olympíuleika fatlaðra í Aþenu í sept. 2004. (kr.100.000)

E: Fjármframlög
(Donations)

Það sem ekki er áður tekið fram.
Snæfellsnes: Grunnskóli Hellissands, vegna afmælisrits (kr. 7.500).
Auður Guðjónsdóttir, vegna gerðar myndbands (kr.13.000).

F: Verkefnakjarnaskýrsla
(Program Focus Report)

G: Lýsing á meginverkefnum
(Description of main projects)

H: Athugasemdir
(Comments)

I: Tillögur/uppástungur fyrir framtíðina
(Suggestions for the Future)

Akureyri 9. febrúar 2005
Júlía Björnsdóttir,
Verkefnastjóri efnahags- og félagslegrar þróunar.

HEILBRIGÐISMÁL

Athygli (skilningur)

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar fékk Auði Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðing á fund til að kynna verkefnið sem er fræðsluefni á myndbandi um mænuskaða. Systur í Hafnarfirði og Garðabæ kynntu sér starfsemi unglíngamóttöku á heilsugæslustöðinni Sólvangi, en þar er unnið með unglíngum á aldrinum 15-20 ára Kópavogsklúbbur fékk Kolbrúnu Þórðardóttur jóga-kennara til að halda erindi um jóga og slökun. Akureyraklúbbur fékk fræðslu um Krabbameinsfélag Akureyrar. Skagafjarðarklúbbur kynnti sér fjölgreindarkenningu Howard Gardnes í umsjá Þóru Bjargar Jónsdóttur. Soroptimistaklúbbur Austurlands fékk Helgu Sæunni Sveinbjörnsdóttur yfirhjúkrunarfræðing á Heilsugæslu-

stöðinni á Egilsstöðum til að segja frá rannsóknarverkefni sem hún vann á vegum DeCode í framhaldsnámi í USA í sambandi við langlífi Íslendinga. Einnig hafa klúbbsystur fyrir austan boðist til að vera bakhjarl við ákveðin verkefni sem upp kunna að koma í starfi Ragnildar Rósar Indriðadóttur hjúkrunarfræðings og ljósmóður, en hún starfar nú í Malaví næstu tvö árin.
Seltjarnarnesklúbbur hlýddi á erindi Sigríðar Pálinu Árnadóttur lyfjafræðings og apótekara um störf lyfjafræðinga frá upphafi og til dagsins í dag.
Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur fékk Bergþóru Reynisdóttur geðhjúkrunarfræðing á fund með erindi um konur og þunglyndi.
Snæfellsbær fékk Friðgerði skólahjúkrunarfræðing í Snæfellsbæ til að halda erindi um geðræna kvilla hjá börnum og unglíngum, ofbeldi, átraskanir og ofvirkni. Hvernig

hægt væri að greina einkenni þessara þátta og hvað væri hægt að gera. Einnig ræddi hún um sjálfstyrkingu barna og unglunga. Árbæjarklúbbur fékk Margræti Jónsdóttur framkvæmdastjóra þjónustusviðs Tryggingarstofnunnar Ríkisins á fund og fræddi hún systur um starfsemi þjónustunnar.

Atfylgi (stuðningur)

Verkefni Auðar Guðjónsdóttur hjúkrunarfræðings um myndbandsgerð til styrktar lækninga mænuskaðaðra barna, var kynnt og rætt í klúbbunum og flestir klúbbar höfðu áhuga á að leggja þessu verðuga verkefni lið. Kópavogsklúbbur heldur áfram að styrkja forvarnarkerfnið, að greiða að hálfu 40% stöðu hjúkrunarfræðings, sem sinnir nemendum í Menntaskóla Kópavogs.

Athöfn (starfsemi)

Systrum úr öllum klúbbum var boðið að koma þann 13. mars og skoða kvennadeild Landspítalans. Akranesklúbbur fékk Guðrúnu Sigurbjörnsdóttur fótaaðgerðarfræðing til að segja frá námi og starfi, og sýndi um leið myndband. Sveinborg Kristjánsdóttir systir í Akranesklúbbsi sótti námskeið í skyndihjálpar og flutti erindi um það í klúbbnum. Ein systir í Snæfellsnesklúbbnum, Anna Þóra, kynnti jóga og fengu systur að njóta eins tíma jóga með góðri hreyfingu og síðan slökun. Grafarvogsklúbbur fékk Sólveigu Eiríksdóttur til námskeiðahalds í grænmetis og heilsufæði.

Gjafir og söfnun

Kópavogsklúbbur gaf lyftistól til Sunnuhlíðar að upphæð kr. 238.954.-

Seltjarnarnesklúbbur styrkir fóstudóttir í Betlehem í Palestínu.

Söfnun vegna myndbandsgerðar, þiggjandi Auður Guðjónsdóttir:

Grafarvogsklúbbur	Kr. 20.000.-
Akureyrarklúbbur	Kr. 32.000.-
Hafnarfjörður og Garðabær	Kr. 33.000.-
Kópavogsklúbbur	Kr. 40.000.-
Bakka og Selja	Kr. 29.000.-
Akranesklúbbur	Kr. 17.000.-
Mosfellsveitarklúbbur	Kr. 25.000.-
Árbæjarklúbbur	Kr. 50.000.-
Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur	Kr. 39.000.-
Soroptimistaklúbbur Keflavíkur	Kr. 25.000.-
Samtals	Kr. 310.000.-

Fjárstuðningur

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur veitti iðjuþjálfunardeild Landakots 100.000 kr styrk til kaupa á húsgögnum, í stofu í gömlum stíl í meðferðarskyni fyrir aldraða og einstaklinga með heilabilun.

Hafnarfjörður og Garðabær kr.100.000.- þiggjandi Lækurinn dægradvöld, athvarf fyrir geðfatlaða í Hafnarfirði. Einnig gaf klúbburinn kr.200.00- þiggjandi Meðferðarheimilið Krýsuvík Kópavogsklúbbur Kr.255.065.- þiggjandi Menntaskólinn í Kópavogi. Árbæjarklúbbur kr.100.000.- þiggjandi Benjamín Nökkvi v.veikinda. Árbæjarklúbbur kr.100.000.- þiggjandi Hilmar Guðni v/veikinda.

Arndís Ellertsdóttir
Verkefnastjór heilbrigðismála

MANNRÉTTINDI OG STAÐA KONUNNAR

Kynning í almennum orðum:

Ýmsir utanaðkomandi fyrirlesarar komu á fundi í klúbbum og fjölluðu margir þeirra um verkefnið: Mannréttindi og staða konunnar: Flestir fyrirlesarar voru þó úr klúbbunum sjálfum eða frá landssambandinu. 14 klúbbar af 16, skiluðu skýrslum.

Athygli (Skilningur)

- Hansína B. Einarisdóttir flutti erindi um Guðríði Símonardóttur og tengdi hana við umhverfi hennar þá og nú og fortíð hennar við nútíð.
- Verkefnastjóri eins klúbbsins, Aðalheiður Ása Jónsdóttir, flutti v/ Mannréttindadags S.Þ., í des. 2003, frásögn um upphaf Mannréttindayfirlýsingar S.Þ.
- Annar verkefnastjóri, Birna Björnsdóttir, hélt erindi um: Stöðu konunnar í dag miðað við fyrir 30 árum þegar fyrsti kvænnafrídagurinn var haldinn og hvort launamunur kynjanna hafi minnkað á þessu tímabili?
- Kristbjörg Guðbrandsdóttir sagði frá sögu Húsmeðraskólans á Löngumýri í Skagafirði.
- Sex þriggja mínútna erindi og eitt ego erindi voru haldin í klúbbunum.
- Forseti landssambandsins, Hafdis Karlsdóttir heimsótti nokkra klúbba
- Félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, Lára Björnsdóttir heimsótti einn klúbb og hélt erindi um störf stofnunarinnar.

- Ásgerður Kjartansdóttir kynnti í fjölmörgum klúbbum fjögurra ára verkefni Alþjóðasambands Soroptimista Women Survivors of War. Notaði hún m.a. myndband með sama heiti við kynninguna.
- Kynning Hafdisar Karlsdóttur á verkefninu Konur vinna að friði.
- Guðlaugur Bergmann flutti erindi um móðureðlið og um það hvernig breyta má samskiptum kynjanna undir forystu kvenna.
- Klúbbsystir kynnti ABC - hjálparamtökin en hún styrkir sjálf eitt barn.
- Drífa Snædal kynnti Kvennaathvarfið

Atfylgi (Stuðningur)

- Verkefnastjóri eins klúbbs aflar efnis um Mannréttindadaginn.
- Gjöf til landssambandsins sem styrkur til kvenna sem hafa orðið fórnarlömb stríðsþjáðra landa, Afganistan, Rúanda og Bosníu, stuðningur við að mennta þær til ýmissa starfa og hjálpa þeim til að verða sjálfbjarga.
- Einn klúbbur samþykkti að taka að sér eina til tvær konur í verkefninu Project Independence - Women Survivors of War. Annar klúbbur styður tvær konur.
- Viðurkenning til stúlku fyrir bestan námsárangur í 10. bekk, afhent við skólaslit.
- Stuðningur við Barnaþorp SOS.

- Þátttaka í afmælisgjöf til landssambandsins sem var stuðningur við verkefnið Project Independence - WSOW.

Athöfn (Starfsemi)

- Samþykkt að styrkja námskeið fyrir konur af erlendum uppruna sem haldið verður á vegum Alþjóðastofu á Akureyri.
- Auður Guðjónsdóttir sagði frá málefnum mænuskaddaðra.
- Aðalheiður Ása Jónsdóttir las upp upphaf Mannréttindayfirlýsingarinnar.
- Þorsteinn Broddason kynnti vínsmökkun.
- Hafdis Karlsdóttir sagði frá því helsta sem er að gerast meðal Soroptimista, heima og erlendis, m.a. frá verkefni Evrópusambandsforseta, Konur vinna að friði.
- Þyri Dóra Sveinsdóttir snyrtifræðingur kynnti nyrtingur frá Helenu Rubinstein.
- Lára Björnsdóttir félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar fjallaði um samstarfsverkefni Félagsmálaþjónustunnar og Tryggingarstofnunar ríkisins. Tilgangur verkefnisins er að styðja einstæðar og fátækar mæður.
- Ásgerður Kjartansdóttir kynnti verkefnið Women Survivors of War. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á stöðu kvenna í stríði og hjálpa konum að byggja upp nýtt líf eftir stríð. Hvatti Ásgerður systur til stuðnings og þátttöku við verkefnið.

- Edda Björgvinsdóttir hélt Örnámskeið í sjálfsefningu.
- Birna Björnsdóttir flutti erindi um stöðu konunnar í dag miðað við Kvænnafrídaginn fyrir u.þ.b. 30 árum og einnig stöðu launamuns kynjanna.

Gjafir eða söfnun

Styrkur til barna Shri Ramavathi 50.000/- kr.

Tvær gjafir til landssambands Soroptimista vegna 30 ára afmælis þess 10.000/- og 12.000/- kr. *

Gjöf til Kristniboðssambands Íslands 10.000/- kr.

Tvær gjafir til einstaklinga 15.000/- og 12.400/- kr.

Styrkur til Alþjóðastofu á Akureyri en hún annast málefni innflytjenda 30.000/- kr.

Fjórir styrkir til Alþjóðaverkefnis Soroptimista Women Survivors of War (22.000/- + 30.000/- + 10.000/- + 23.000/-)

Samtals: 85.000/- kr.

Styrkur til Barnaþorps SOS 16.800/- kr.

Sjálfboðliðastarf soroptimista í klst.: Ómælanlegt

Fjöldi sendra verkefnakjarnaskýrslna árið 2004 : 1

* Líklega vegna Women Survivors of War verkefnisins.

Margrét Loftsdóttir

Verkefnastjóri mannréttindi og staða konunnar

MENNTA- OG MENNINGARMÁL

Athygli (skilningur)

Til að vekja athygli og skilning á ýmsum málefnum sem tengjast mennta- og menningarmálum hafa margir klúbbbar það fyrir venju að lesa upp ljóð og smásögur og jafnvel kynna höfundu og eins og kemur fram í skýrslu systra á Snæfellsnesi að „með lestri ljóða og sagna skynjum við oft annan heim og upplifum tilfinningar annarra og uppgötum jafnvel nýjar hjá okkur sjálfum. Við sjáum heiminn í nýju ljósi og um leið skiljum við þörfina fyrir að bæta mannlífið sem vissulega er eitt af markmiðum Soroptimista um heim allan“. Ego-erindi og 3ja mínútna erindi, sem haldin eru nokkuð reglulega hjá sumum klúbbum, þjóna sama tilgangi og það sama má segja um þegar klúbbsystur taka sig til og fara í vettvangsferðir á vinnustaði, söfn, leikhús og fara jafnvel út fyrir landssteinana til að kynna sér menningu annarra þjóða og fá þá sérstaka leiðsögn og fræðslu um þá staði sem þær heimsækja. Á haustfundum í Munaðarnesi og landssambandsfundum eru oft góð fræðsluerindi sem tengjast mennta- og menningarmálum og tækifæri gefst til að mynda menningarleg tengsl við konur frá mismunandi landshlutum.

Klúbbsystur hafa sjálfar vakið máls á efninu með fyrirlesturinn innan sinna klúbba og annarra eða með því að fá utanaðkomandi aðila til þess að kynna verðug málefni á þessu sviði.

Akranes: Gunnhildur Hrólfsdóttir rithöfundur var fengin til að segja frá sjálfri sér og bókum sínum ásamt því að lesa upp úr nýjustu bók sinni.

Akureyri: Allir fundir hefjast á lestri ljóða og þau kynnt fyrir klúbbsystur.

Skorað var á systur að koma með hugmynd að gjafakorti sem yrði látið hanna og gera.

Hólmfríður Andersdóttir bókavörður tók á móti systurum á Amtsbókasafninu og kynnti nýútkomnar bækur og rithöf-

unda. Nýbyggingar Amtsbókasafns og Héraðsskjalasafns voru skoðaðar. Samþykkt var að leggja 30.000 krónur í sjóð til að kenna konum, af erlendum uppruna, íslensku.

Austurland: Ljóðalestur, söngur, fróðleikur eða hugrenningar er á dagskrá á fundum, gjarnan eftir eða um konur. Uppllestur á blaðagreininni „Barnavelðið Ísland“ eftir Hallgrím Helgason og umræður á eftir. Umræður um hvernig megi hjálpa fólki sem er af erlendu bergi brotið, nýbúum, að fóta sig í samfélaginu á Austurlandi.

Árbær: Vinnustaðafundur í Félagspjónustu Reykjavíkurborgar á vegum Margrétar Petersen. Óvissu-menningarferð með Birnu Þórðardóttur.

Bakka og Selja: Ljóðalestur, söngur og 3 mínútna erindi, oft á fundum. Í tilefni af Kenyjakvöldi voru lesin 5 ljóð eftir Jón Hjörleif Jónsson trúboða, sem m.a. fjalla um erfða lífsbaráttu kvenna í Ghana þar sem Jón hefur starfað. Lesið var ljóðið „Gróður“ eftir heiðursfélaga klúbbsins, Vigdís Einarsdóttur, og Soroptimistasöngur okkar sunginn við lag Atla Heimis, en textinn er eftir Vigdís. Ákvörðun hefur verið tekin um að gefa út ljóðabók eftir Vigdís Einarsdóttur og ljóðanefnd er að störfum.

Í tilefni af komu systra frá Esbjerg var lesið ljóðið „Der er saa mange ting i barnets verden“ eftir Bernhard Christensen. Hörður Bragason spilaði á pianó og dóttir hans Steinunn spilaði á fíðlu klassísk lög af sama tilefni. Farið var í gönguferð um Þingholtin með Guðjóni Friðriksyni sagnfræðingi þar sem staldrað var við mörg hús þjóðkunnra manna svo sem Hannesar Hafsteins ráðherra og Bjarna Sæmundssonar og sagt frá starfi þeirra og lífi. Grafarvogur: Kynning á Alþjóðasambandi Junior Achievement, fyrirlsari var Gunnar Jónatansson. Farið var í leikhúsferð í Loftkastalann með mökum. Systur kynntu sér danska smurbrauðshéfið í tilefni ferðar á Norræna vinda. Í tilefni af 10 ára afmæli klúbbsins var farið út að borða með mökum og guðmóður klúbbsins og maka boðið sérstaklega.

Hafnarfjörður og Garðabær: Ingibjörg Ásgrímsdóttir, hjúkrunarforstjóri og PMT meðferðaraðili sagði frá nýrri þjónustu heilsugæslunnar fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika í samvinnu við Skólaskrifstofu og Félagsþjónustuna í Hafnarfirði. Menningar- og listaskoðunarferð til Parísar undir leiðsögn Laufeyjar Helgadóttur listfræðings.

Hóla og Fella: Tvær klúbbsystur kynntu aðferðir Irené Johanson, sem felst í svokölluðu Karlstadmodeli, en Irené hefur náð frábærum árangri í þjálfun einstaklinga með downs-heilkenni í mál- og tjáskiptum. Vinnustaðafundur í Listaháskóla Íslands. Rektor skólans, Hjálmar Ragnarsson, fræddi systur um starfsemina, leiddi þær um skólann og bauð að lokum upp á veitingar.

Húsavík: Systur hlustuðu á fræðsluerindi um Íslendingastaði í Kaupmannahöfn undir leiðsögn Böðvars Guðmundssonar. Frásögn systur af heimsókn hennar til Króatíu og horft var á myndband um konur í stríðshráðum löndum. Farið var í heimsókn á Vesturfarasetrið á Hofsósi og hlustað á erindi um Íslendinga í Vesturheimi. Farið í Þekkingarsetur Þingeyinga og á Náttúrustofu Norð-Austurlands. Haldinn var vinnustaðafundur í Fiskiðjusamlagi Húsavíkur og það kynnt. Haldinn var sameiginlegur fundur Norðanklúbba á Hofsósi og Löngumýri í Skagafirði. Keflavík: Systur hlustuðu á fyrirlestur Guðna Kolbeinsonar „Lestur er lifið sjálft.”

Farið var í heimsóknir í Grunnskóla Sandgerðis, í Saltfisksetrið í Grindavík og Verksmiðjuna Kaffitár til að fræðast um starfssemi þessara vinnustaða.

Kópavogur: Ego-erindi sex klúbbsystur. Brynja Baldursdóttir flutti erindi um börn og barnabókmenntir. Systur fóru í skoðunarferð um Kópavog undir leiðsögn Birgis H. Sigurðssonar skipulagsstjóra bæjarins.

Mosfellssveit: Hafdís Karlsdóttir, forseti fræddi um starfsemi Soroptimista innanlands og utan. Gunnhildur Hrólfssdóttir sagði frá sjálfri sér og bókunum sínum og las upp úr nýjustu bókinni. Lára I. Ólafsdóttir sagði frá gönguferðum á Krit og Björk Bjarkardóttir sagði frá námi sínu við Háskólann í Reykjavík. Á jólafundi sem haldinn var í Glym í Hvalfirði flutti Þórarinn Sigurbergsson klassísk gítarverk. Farið í skoðunar- og kynningarferð um miðbæ Reykjavíkur undir leiðsögn Birnu Þórðardóttir Reykjavík: Margrét Einarsdóttir, verkefnisstjóri mennta- og menningarmála 2003, kynnti ásamt Ágústu Gísladóttur, umdæmisstjóra fyrir Uganda á Íslandi, starfsemi Þróunar-samvinnustofnunar Íslands.

Skagafjörður: Þóra Björg Jónsdóttir kynnti fjölgreindarkenningu Howard Gardners og Skúli Skúlason rektor sagði frá uppbygging Háskólans á Hólum. Útivistardagur var haldinn með fjölskyldum okkar á Reykjarhóli og Löngumýri. Einnig var farið í leikhús að sjá Sellofon sem fjallar um “superkonuna”. Skoðuð söfn og sýningar í Hollandi. Vesturfarasetrið á Hofsósi skoðað í fylgd Valgeirs Þorvaldssonar og að lokum var sóknarkirkjan á Hofsósi skoðuð.

Snæfellsnes: Drifa Skúladóttir las ljóð og kynnti höfund. Gunda B. Nygaard las smásögu.

Atfylgi (stuðningur)

Með því að vera málsvári og sýna stuðning í verki við mál efni sem snúa að mennta- og menningarmálum er um leið vakin athygli á þeim málum út á við. Eitt af markmiðum Soroptimista er að styðja við og hvetja konur til náms bæði hér og erlendis. Í þessu felst að við kynnum okkur mennta- og menningarmál annarra þjóða og öfugt. Undir þetta fellur að veita fólki af erlendum uppruna stuðning við að læra íslensku og þekkja okkar menningu, um leið

og við lærum af þeim. Soroptimistaklúbbar hérlendis hafa vakið athygli á þessum málefnum t.d. með því að veita styrki, bæði peningastyrki og gjafir, hvort sem er fyrir framúrskarandi kvennemendur hér á landi, fyrir stúlkur í þróunarlöndum, sem annars ættu ekki kost á menntun, eða til að efla íslenskunám nýbúa.

Austurland: Þátttaka í þjóðardegi á Egilsstöðum þar sem fólk frá ýmsum löndum sem hér býr kynnti land sitt og menningu. Klúbburinn var með kaffisölu upp á íslenska vísu.

Grafarvogur: Bókagjöf til formanna nemendaráða í öllum grunnskólum Grafarvogs.

Hóla og Fella: Löng hefð er í klúbbi Hóla og Fella fyrir því að verðlauna á hverri önn með peningagjöf þann kvenstúdent, sem skarar fram úr öðrum í einkunnum.

Mikill áhugi var á að fá Iréne hingað til landsins til fyrirlestrahalds og var veittur styrkur til þess.

Húsavík: Heimsókn til Soroptimistaklúbbs í Kaupmannahöfn sem síðar varð vinaklúbbur.

Mosfellssveit: Viðurkenning til stúlku fyrir bestan námsárangur í 10. bekk afhent við skólaslit

Reykjavík: Framhaldsskólastyrkir til 20 stúlkna í Malaví.

Seltjarnarnes: Bókagjöf til nemanda með hæstu einkunn í ensku á grunnskólaprófi í Valhúsaskóla

Skagafjörður: Veittar viðurkenningar fyrir lífsleikni til stúlkna í útskriftarárgöngum grunnskóla í Skagafirði.

Snæfellsnes: Systur tóku þátt í upplestri á Passíusálmunum í Ólafsvíkurkirkju.

Athöfn (starfsemi)

Með því að bjóða fram starfskrafta okkar í þágu almanna-hagsmuna eða einstaklinga, hvort sem það er í samstarfi við aðra eða ekki, þá vekjum við athygli á starfi Soroptimista. Með starfi okkar getum við haft áhrif á samfélagið og vakið það til umhugsunar um hvar stuðnings, í formi vinnu og/eða fjármagns, er þörf innan mennta- og menningarmála, hér og erlendis.

Akureyri: Aðalstarf Akureyrarklúbbs er útburður á bókum og hljóðbókum aðra hverja viku, sem tengjast vissulega mennta- og menningarmálum. Það skráist að vísu á annað svið en athygli er samt vakin á því hér. Klúbbsystur komu öllum gögnum Amtsbókasafnsins á Akureyri fyrir á Héraðsskjalasafni Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu. Hægt er að nálgast þau gögn hvenær sem er, en Soroptimistaklúbbur Akureyrar hefur nú fengið fasta aðstöðu fyrir fundi í kaffiteríu Amtsbókasafnsins.

Hóla og Fella: Klúbburinn vann að, í samstarfi við Simenntunarstofnun Kennaraháskóla Íslands og áhuga-fólk um Downs-heilkenni, að fá Irené Johanson til landsins til að halda fyrirlestra og kynningu á aðferðum hennar um mál- og tjáskipti fólks með Down-heilkenni.

Húsavík: Árbók Þingeyinga var borin út og systur flokkuðu bækur í bókasafni á Dvalarheimili aldraðra á Húsavík

Gjafir eða söfun

Árbær, Indversk stúlka, 21.000 kr

Grafarvogur, Til formanna allra nemendaráða í grunnskólum í Grafarvogi, 4.000 kr

Hafnarfj. og Garðabær, Fjölsmiðjan, starfsmenntun fyrir unglunga, 300.000 kr

Hóla og Fella, Irené-sjóðurinn vegna kynningar á mál- og tjáskiptum fyrir fólk með Down-heilkenni, 100.000 kr

Hóla og Fella, Kvenstúdentar með framúrskarandi einkunnir á stúdentsprófi 2 x 30.000, 60.000 kr

Mosfellssveit, Nemandi í 10. bekk Varmárskóla fyrir góðan árangur í námi. Listaverk, 12.400 kr

Seltjarnarnes, Nemandi með hæstu einkunn í ensku í Valhúsaskóla, Bók.

Skagafjörður, Stúlkur í útskriftarárgöngum í grunnskólum Skagafjarðar fyrir lífsleikni, Viðurkenningar Heildarupphæð til mennta- og menningarmála, 497.400 kr eða 6.145 EUR auk bókaþjafar og viðurkenninga

Sjálfböðavinna/sjálfböðastarf

15 klst.	Grafarvogur
6 klst.	Húsavík, Bókasafnsvinna
30 klst.	Kópavogur,

Ómælanleg Reykjavík,
59 eða ómælanleg Í heild

Eins og kemur fram hér að framan er aðalstarf Akureyrar-klúbbs að bera út bækur og hljóðbækur aðra hverja viku, sem tengjast vissulega mennta og menningarmálum þó það skráist á annað svið og er erfitt að meta þetta gríðar-mikla starf í klukkustundum. En 3 systur eru nú u.þ.b. 1-2 klst. að bera út um 40 sendingar.

Rannveig Thoroddsen
Verkefnastjóri mennta- og menningarmála

UMHVERFISMÁL

Verkefnastjóri landssambandsins: Laufey B. Hannesdóttir
Fjöldi klúbba í landssambandi: 16 Fjöldi skýrsla: 16

Helstu verkefni (main and outstanding projects) flokkast undir eftirtaldar fyrirsagnir:

- Meðferð sorps og endurvinnsla
- Góð stýring vatnsnotkunar
- Umhverfisvernd
- Góð fæðuframleiðsla
- Góð líffræðikennsla

Þessum verkefnum eru gerð hér nokkuð góð skil í anda skilaboða frá verkefnastjóra Evrópusambandsins um að aðeins sé gefin nákvæm skýrsla um helstu verkefni sem flokkast undir fyrirsagnirnar hér að ofan.

Meðferð sorps og endurvinnsla.

Vistvernd í verki. Soroptimistasystur stofnuðu fyrsta hópinn í Vistvernd í verki vorið 2004. Þátttakendur eru systur í Kópavogsklúbbi og verkefnastjóri Landasambandsins. Systur kynntu niðurstöðuna á haustfundinum í Munaðar-nesi. Fleiri hópar Soroptimistasystur í Vistvernd í verki eru í burðarliðnum.

Meðferð vatns

Ár vatnsins 2003. Þrjú klúbbar höfðu sérstaka dagskrá í til-efni árs vatnsins árið 2003. Á sameiginlegum fundi tveggja klúbba í Gvendarbrunnum í Heiðmörk voru tveir fyrirles- arar. Húsakynninn eru mjög sérstök, þar sem er hellir inn í hraunið, þar sem neysluvatn höfuðborgarbúa er virkjað. Auður Björg Sigurjónsdóttir deildarstjóri umhverfismála hjá Orkuveitu Reykjavíkur fræddi um uppruna Vatnsveitu Reykjavíkur. Snorri Zophaníasson jarðfræðingur og vatna- mælingamaður flutti erindi um hringrás vatnsins, vatns- búskap Íslands og vatnamælingar. Í öðrum klúbbi fræddi verkefnastjóri umhverfismála systur um mikilvægu sta- auctilindina, vatnið.

Náttúruvernd

Vistvænn akstur. Klúbbsystir, sem er ökukennari, kynnti vistvænan akstur fyrir klúbbsysturum. Vetrísorka. Klúbbsystur fóru í kynningu hjá Íslenskri nýorku og fengu fyrirlestur um vetrísstöðina frá Maríu Hildi Maack. Orka og umhverfi. Systur hlýddu á fyrirlestur um orku og umhverfi hjá Magnúsi Ásgeirssyni fulltrúa Olís. Græni svanurinn. Systur hlýddu á fyrirlestur Sigrúnar Guðmundsdóttur líffræðings um græna svaninn, Norræna umhverfismerkið.

Önnur verkefni

Systur fengust við mörg verkefni sem varða umhverfi á ýmsan hátt. Ýmiskonar fræðsla er mjög algeng s.s. að fá fyrirlesara á fund til að fjalla um ýmis málefni s.s. skipu- lagsmál, umhverfismál og menningarmál. Sumir klúbbar taka þátt í almennum hreinsunardegi í sínu bæjarfélagi eða starfa í garðaskoðunarnefnd bæjarfélags síns. Skemmtilegt er að nota fundina á vorin til náttúruskoð- unar og hafa sumir fengið fræðimann til liðs við sig á slíkum ferðum. Margir klúbbar búa svo vel að eiga systur sem eru sérfróðar um ýmis umhverfismál eða hafa ferðast á spennandi staði og geta sagt frá því.

Náttúruvernd, skógrækt

Ísland er eyðilegt land og nær skóglaut. Þess vegna er mikilvægt verkefni að planta trjám og margir Soropti- mistaklúbbar á Íslandi hafa árum saman plantað trjám. Verkefni sem talin eru upp hér að neðan hafa staðið árum saman og greint er frá því sem gert var á þessu ári.

- Klúbbsystur hafa árum saman plantað trjám í Systra- skóg í landi Ferstiklu. Þetta ár var ekki gróðursett heldur borinn á áburður.
- Klúbbsystur í 7 klúbbum hafa undanfarin ár plantað trjám í landnemaspildu Soroptimistasambands Íslands á Heiðmörk. Þetta ár var unnið við stígagerð.
- Klúbbsystur hafa árum saman plantað trjám í Systra- botna í Lækjarbotnalandi. Þetta ár gróðursettu systur ásamt fjölskyldum sínum 162 sitkagreni, 25 aspir, 3 birki- tré, 8 reyniviðarté og 1 rífsberjaplöntu. Alls eru það 200 plöntur úr gördum systra þannig að ekkert var keypt nema áburður. Allt sitkagreni hafði verið í uppeldi í gördum systra í 3 ár.
- Klúbbsystur hafa árum saman plantað trjám í Systra- lund ofan við Árbæ. Þetta ár plöntuðu þær trjám og settu upp tvö garðbord.
- Klúbbsystur hafa árum saman plantað trjám í reit sinn á Bakka í Öxnadal. Þetta ár var ekki gróðursett en geta má þess að hæstu trén eru um 2 m há.
- Klúbbsystur hafa árum saman plantað trjám í tvo reiti á Suðurnesjum, Bjartsýnislund og Systrabrekkur. Þetta ár hlúðu þær að trjánun.
- Klúbbsystur hafa árum saman plantað trjám í nágrenni Mosfellsbæjar. Þetta ár gróðursettu þær í reitinn í Mos- fellsdal.
- Klúbbsystur lærðu gróðursetningu og sáningu á gróður- stöðinni Lágafelli, Snæfellsnesi.

Laufey B. Hannesdóttir
Verkefnastjóri umhverfismála SI/I

Framboð til embætta

á landssambandsfundum 16. apríl 2005

Forseti

2006-2008

Ásgerður Kjartansdóttir
Reykjavík

Bókasafns- og
upplýsingafræðingur.

Klúbbfélagi des. 1998

Klúbbstörf: Formaður, ritari, fulltrúi.

Embætti á vegum SI/Í: Verkefnastjóri mennta- og menningarmála, tengiliður Íslands við Project Independence -Women Survivors of War 2003-2007



Varasendifulltrúi

2005-2007

Lilja Guðlaugsdóttir
Akranes

Leikskólustjóri.

Klúbbfélagi 1988.

Klúbbstörf: Formaður, ritari, varafulltrúi, fulltrúi, verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings, verkefnastjóri mannréttinda og stöðu konunnar, verkefnastjóri mennta- og menningarmála, ýmis nefndarstörf
Embætti á vegum SI/Í: Forseti, verkefnastjóri mannréttinda og stöðu konunnar



Upplýsingafulltrúi

2005-2007

Kristín Einarsdóttir
Hafnarfjörður og

Garðabær

Aðstoðarlfjafraeðingur.

Stofnfélagi 1973

Klúbbstörf: Formaður, ritari, fulltrúi, verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings, verkefnastjóri heilbrigðismála og ýmis nefndarstörf.
Embætti á vegum SI/Í: Forseti, sendifulltrúi, verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings, laganevnd.



1. varaforseti

2005-2007

Edda Jóhannsdóttir
Hafnarfjörður og

Garðabær

Íþróttakennari.

Klúbbfélagi 1980

Klúbbstörf: Formaður, varaformaður, gjaldkeri, meðstjórnandi, fulltrúi, endurskoðandi, verkefnastjóri og ýmis nefndarstörf.

Embætti á vegum SI/Í: Fjárhagsnefnd, útbreiðslunefnd.



Verkefnastjóri

umhverfismála

2005-2007

Hiltrud Hildur
Guðmundsdóttir

Akranes

Fyrirv. framhaldsskólakennari.

Klúbbfélagi 1983.

Klúbbstörf: Formaður, fulltrúi, verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings, verkefnastjóri mannréttinda og stöðu konunnar, verkefnastjóri umhverfismála, meðstjórnandi, ýmis nefndarstörf



Umsjón með

nafnalista

2005-2007

Sigríður Ágústsdóttir

Akureyri

Leirkerasmiður.

Klúbbfélagi Hafnarfj. og Garðabæ

1992.

Klúbbfélagi Akureyri 2000

Klúbbstörf: Fulltrúi, meðstjórnandi, verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings, ferðanevnd, ferðavikunefnd, skemmti- og móttökunefnd.

Embætti á vegum SI/Í: Varasendifulltrúi, sendifulltrúi.



Sendifulltrúi

2005-2007

Ingunn Sigurðardóttir
Skagafjörður

Sérkennari.

Stofnfélagi 1989

Klúbbstörf: Formaður, fulltrúi, verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings, verkefnastjóri umhverfismála, starfsgreinanefnd, skemmti- og móttökunefnd.

Embætti á vegum SI/Í: Ritstjóri Fregna og varasendifulltrúi.



Verkefnastjóri

heilbrigðismála

2005-2007

Laufey G. Baldursdóttir

Akureyri

Geislafræðingur.

Klúbbfélagi 1986.

Klúbbstörf: Formaður, varaformaður, meðstjórnandi, fulltrúi, verkefnastjóri alþjóðlegrar vináttu og skilnings, skemmti- og móttökunefnd, ferða- og fjáröflunarnefnd.



Endurskoðandi

2005-2007

(þriðja tímabil)

Guðrún Pálsdóttir

Kópavogur

Fjármála- og

hagsýslustjóri.

Klúbbfélagi 1998

Klúbbstörf: Meðstjórnandi, varafulltrúi.

Embætti á vegum SI/Í: Endurskoðandi.



Laganefnd 2005-2007

Esther Hermannsdóttir
Akranes
Lögfræðingur.
Klúbbfélagi 2004



Fjárhagsnefnd 2005-2007

Sigríður Svavarsdóttir
Skagafjörður
Framhaldsskólakennari.
Klúbbfélagi 1998
Klúbbstörf: Gjaldkeri, verkefnastjóri
efnahags- og félagslegrar þróunar,
skemmti- og móttökunefnd,
fjáröflunarnefnd.



Útbreiðslunefnd 2005-2007

(Þriðja tímabil)
Guðrún Erla
Björgvinsdóttir
Bakka og Selja
Aðstoðarskólastjóri.
Klúbbfélagi Suðurnes 1979.
Klúbbfélagi Bakka og Selja 1994
Klúbbstörf: Formaður, varaformaður,
ritari, fulltrúi, varafulltrúi,
fjáröflunarnefnd.
Embætti á vegum SI/Í: Útbreiðslunefnd.



Laganefnd 2005-2007

Sveinborg
Kristjánsdóttir
Akranes
Félagsráðgjafi.
Klúbbfélagi 1998
Klúbbstörf: Ritari,
varafulltrúi, fulltrúi, ýmis nefndastörf,
verkefnastjóri efnahags- og
félagslegrar þróunar



Sjóðanefnd 2005-2007

Jóhanna I.
Sigmarsdóttir
Austurland
Sóknarprestur.
Klúbbfélagi 1994 Reykjavík.
Stofnfélagi Austurlandi 2003.
Klúbbstörf: Formaður,
styrktarsjóðsnefnd, móttökunefnd
og ýmis nefndastörf.



Hvað gerist við starfslok?

Fyrsti Soroptimistaklúbburinn á Íslandi var stofnaður 19. september 1959 og Soroptimistasamband Íslands stofnað 8. júní 1974. Eftir það fjölgaði klúbbum ört og eru þeir nú 16 á landinu. Vegna aldurs samtakanna gefur það auga leiða að nokkur fjöldi systra er kominn á eftirlaunaaldur. Verður hér aðeins fjallað um hvað gerist við starfslok og hvaða áhrif þau hafa á fjárhagsstöðu aldraðra.

Skipta má velferðarmálum aldraðra í tvennt – annars vegar fjárhagslega stöðu aldraðra og þjónustu við þá, og hins vegar hagkvæmar lausnir á húsnæðismálum fyrir eldra fólk.

Taka ellilífeyris getur hafist við 67 ára aldur og þarf að sækja um hann eins og aðrar bætur Tryggingastofnunar ríkisins. Fullur ellilífeyrir er settur saman úr nokkrum þáttum og getur numið rúmlega 104.000 kr. hjá einstaklingi fyrir skatta. Skattleysismörk eru 75.062 kr. og sýnir taflan hér til hliðar ráðstöfunartekjur einstaklings, sem hefur engar vinnu- eða lífeyris-sjóðstekjur (fremsti dálkur). Til samanburðar eru ráðstöfunartekjur einstaklings sem er með 50.000 kr.,

100.000 kr. og 144.000 kr. í vinnu- eða lífeyrissjóðstekjur. Sýnt er hvernig tekjurnar skerðast í útreikningi tryggingabóta frá Tryggingastofnun ríkisins, en lok skerðingarmarkar eru við 143.989 kr.

Í næsta blaði munum við taka fyrir húsnæðismál aldraðra og einfaldar úrlausnir í þeim málum.

*Hildur Hálfðanardóttir –
upplýsingafulltrúi SI/Í og ellilífeyrisþegi*

Dæmi um ráðstöfunartekjur einstaklinga

	Án tekna	laun+líf.	laun+líf.	laun+líf.
Grunnlífeyrir	21.993	21.993	21.993	21.993
Tekjutrygging	43.113	42.295	19.797	0
Heimilisuppbót	18.080	17.739	8.303	0
Tekjutryggingarauki	21.258	0	0	0
Launa- og lífeyrissj.tekjur	0	50.000	100.000	144.000
Samtals	104.444	132.027	150.093	165.993
Staðgreiðsluskattur 37.73%	-39.407	-49.814	-56.630	-62.629
Persónuafsláttur	28.321	28.321	28.321	28.321
Samtals	93.358	110.534	121.784	131.685
Auknar ráðstöfunartekjur		17.176	28.426	38.327
Skerðing á launat/líf.sj.t.		65,7%	71,5%	73,4%

(Staðgreiðsla = tekjusk. 24,75% + útsvar 12,98%, sem er landsmeðaltal útsvarsþrosentu. Lok skerðingarmarkar er kr.143.989,-)

Gefum okkur tíma

Tíminn er takmörkuð auðlind sem rennur okkur úr greipum allt of fljótt. Tími eða tímaleyzi á það til að stjórna lífi okkar og heilsu meira en við gerum okkur oft ekki grein fyrir, fyrr en hann er liðinn. Við erum svo önnum kafnar og áreitið svo mikið að við gefum okkur jafnvel ekki einu sinni tíma til að vera veikar.

Í lífi venjulegs fólks fylgja bæði hæðir og lægðir, rétt eins og veðurfarið. Suma daga leikur allt í lyndi, en svo koma líka dökkir dagar þegar allt sýnist svart, þá er gott að eiga athvarf að sækja í þegar illa viðrar. Það er nú einhvernvegin þannig með okkur mannfólkið, hversu gott sem við höfum haft það í gegnum tíðina þá hafa allir innri þörf fyrir ró og frið í einveru öðru hverju á lífsleiðinni, hver og einn verður bara að finna sinn eigin farveg og velja leiðina sem hentar, og þá er bara að gefa sér tíma.

Það er boðið upp á allskonar námskeið út um alla borg, slökunarnámskeið, heilunarnámskeið og fleira og fleira þar sem boðið er uppá uppbyggingu líkama og sálar og eru sjálfsagt ágæt, en dýr. Ég fann mér aðra leið sem ég ætla að miðla með ykkur og sem kostar ekki neitt og er í þokkabót með eindæmum gamaldags.

Ég fann mér stein, já stein, stóran og mikinn með dæld í miðjunni sem er eins og sæti, mosagróid og mjúkt. Það er eins og þessi steinn hafi hreinlega beðið eftir mér, algjörlega ósnertur. Hann er staðsettur efst uppá hæð á stóru friðuðu svæði í miðju einbýlishúshverfi í Grafarvogi, þar sem villtur upprunalegi gróðurinn fær að njóta sín. Frá þessum steini er útsýnið himneskt í góðu veðri. Ég sé yfir sundin blá, Snæfellsjökul, Akrafjallið, Skarðsheiðina, Viðey og Sundahöfnina með Reykjavík bak við. Stundum eru

skip að sigla inn eða út og á góðviðriskvöldum á sumrin eru skútur og kajakar að leik í kvöldsólinni. Þarna verður tíminn tímalaus og aðeins 4 mínútna gangur frá heimili mínu. Þarna hef ég vanið komu mína æði oft eftir að ég flutti í Grafarvoginn, aðallega að kvöldi til. Ég sit á steininum mínum í kvöldsólinni og nýt fegurðarinnar fyrir framan mig, ilmsins af berjalyngi, mosa, blóðbergi og fleiru. Stundum kemur sjávarlykt að ógleymsdu fuglakvakinu í fjarska. Ég teygja þetta allt í mig og fyllist innri vellíðan og gleymi stund og stað. Það er ótrúlegt hvað náttúran er kröftug og gerir gott. Síðastliðið haust sat ég þarna sem oftast, þetta var óvanalega hlýtt kvöld, aðeins farið að rökkva. Himininn ægifagur, dökkir skuggar farnir að myndast í kvöldroðanum, nokkur ský dönsuðu hér og þar og jökullinn skartaði sínu fegursta. Þetta var ein af þeim stundum þegar mann langar til að fadma að sér náttúruna. Mér leið mjög vel og hallaði mér að steininum. Kvöldhúmið var óðum að skella á. Ég gaf huganum lausan tauminn og hann fór á flug, yfir farinn veg og það sem var framundan. Ég var að sigla með hraðbyr inn í tímamót sem er kallað ellilífeyrisaldur. Þetta var staðreynd sem ég þurfti að horfast í augu við og sætta mig við. Þarna fór ég yfir lífshlaupið, sigra mína og ósigra og sættist við sjálfa mig og ákvað að nota tímann sem eftir er vel, hann er orðinn naumur og líður allt of fljótt.

Nú er sumarið á næstu grösum og óðum fer náttúran að vakna til lífsins á ný. Það eru náttúruperlur allsstaðar í kringum okkur, gangið ekki framhjá, staldrið við, gefið ykkur tíma.

*Lifið heilar,
Anna Dýrfjörð, Soroptimistaklúbbi Kópavogs*

Fréttir úr ýmsum áttum

Nýir klúbbar, afmæli, vinaferðir o.fl.

Nýir klúbbar:

Apríl 2005
APELDOORN SORGELOO'S, Holland

Afmæli:

- 75 ára afmæli klúbbsins í Antwerpen, Belgíu 15. - 17. apríl 2005.
- 75 ára afmæli klúbbsins í Berlín, Þýskalandi 22. - 24. apríl 2005
- 50 ára afmæli klúbbsins í Clervaux, Luxemborg 6. - 8. maí 2005
- 20 ára afmæli klúbbsins í Taunus Þýskalandi 5. júní 2005
- 10 ára afmæli klúbbsins í Brasow í Rúmeníu 9. -12. júní 2005
- 75 afmæli klúbbsins í Geneva í Sviss 18. júní 2005
- 10 ára afmæli klúbbsins í Bucharest í Rúmeníu 29. sept. - 1. okt. 2005

Ýmislegt:

- Ævintýraferð til Lapplands í Finnlandi 7. - 11. apríl 2005
- Landssambandsfundur í Danmörku 15.-17.apríl 2005
- Friðarmaraþon í Rwanda, 15. maí 2005.
- Evrópuþing „Women Building Peace“ í Vín, Austurríki 8.-10. júlí 2005.
- Alþjóðlegt unglíngamót í Belgíu, tvær vikur í júlí 2005. Soroptimistar í Belgíu munu taka á móti 15 ungmönnum á aldrinum 18 til 24 ára (börnum, ættingjum eða vinum Soroptimista). Eyðublöð og upplýsingar eru á heimasíðunni okkar.
- Klúbburinn í Rhenen/Veenendaal í Hollandi býður Soroptimistum að taka þátt í „Alþjóðlegri viku“ sem haldið verður 17.-24. júní 2005
- Evrópu fundur og vinadagar í Lisbon í Portugal 22.-24.september 2006
- XVIII Convention Soroptimist International, Glasgow, Scotland SI/BGI 29. júlí - 3. ágúst 2007.

HÁDEGISTÓNLEIKAR Í HAFNARBORG

Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, hefur frá ágúst 2003 staðið fyrir hádegistónleikum fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Næstu tónleikar verða:

- Miðvikudaginn 6. apríl kl. 12:00, en þá mun Elín Ósk Óskarsdóttir sópran syngja við undirleik Antoníu Hevesi, sem jafnframt er listrænn stjórnandi tónleikanna. Á efnisskránni verða óperuaríur.
- Miðvikudaginn 4. maí kl. 12:00 syngur Bergþór Pálsson barítón ljúf vorlög við undirleik Antoníu Hevesi.

Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar og öllum opnir meðan húsrúm leyfir.

HAFNARBORG
Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar
Strandgötu 34, sími 555 0080
www.hafnarborg.is
hafnarborg.listasafn@hafnarfjordur.is



Kve Tra A rðæ

Klúbbstarfið í vetur hefur eins og ávallt verið skemmtilegt og fjölbreytt. Ein systir okkar kom með snjalla hugmynd að fjáröflun, svokölluðu „vinkvennakvöldi“. 17. nóvember fylltist síðan Safnaðarheimili Árbæjarkirkju af 120 þrúðbúnum og hressum mæðrum, systur, mágkonum, vinkonum og jafnvel sundsystur klúbbsystura. Dagskrá kvöldsins var þéttskipuð, snæddur var glæsilegur veislumatur sem systur höfðu útbúið og meðan á borðhaldi stóð sungu félagar úr karlakórnum Fóstbræðrum nokkur lög. Birna Anna Björnsdóttir rithöfundur las úr nýrri bók sinni Klisjukennendum og Sigmundur Ernir Rúnarsson blaðamaður las úr bók sinni Barni að eilífu. Milli atriða var farið með gamanmál og sungið. Hapdrætti vakti mikla lukku þar sem vinningarnir voru ekki af verri endanum, enda að hætti Árbæjarsystura. Ákveðið hafði verið að ágóði kvöldsins sem varð 150 þúsund krónur myndi renna til Foreldrahúss Vímlausrar æsku. Árbæjarútibú Landsbanka Íslands veitti okkur einnig 30 þúsund króna styrk. Eftir kynningu á starfsemi Foreldrahússins afhenti Guðný formaður fulltrúa þess 180 þúsund krónur, sem nýttast munu

Fréttir frá Soroptimis

Starfið í klúbbum okkar hefur gengið vel í vetur. Hafdis Karlsdóttir fráfarandi forseti Landssambandsins heimsótti okkur og hvatti til dáða á afmælisfundinum 1. september í haust þegar ár var liðið frá stofnfundi klúbbsins.

Klúbburinn okkar tók þátt í Þjóðahátíð á Egilsstöðum 12. september sl. og sá þar um kaffiveitingar sem jafnframt var fjáröflun.

Eftir þjóðahátíðina fæddist sú hugmynd að við reyndum að nálgast konur af erlendu bergi brotnar sem búa hér á svæðinu og stuðla að því að þær kynnist samfélaginu okkar. Í framhaldi af þessari umræðu var konum og börnum sem búa á Kárahnjúkasvæðinu boðið í sunnudagskaffi 22. nóvember. Við tókum á mótum þeim í Kirkjumíðstöð Austurlands sem er okkar fasti fundastaður. Um 30 konur og börn heimsóttu okkur og tóku þær systur, sem eiga og komu því við, með sér börn og barnabörn. Þarna voru því um 60-70 konur og börn. Áttum við saman indæla stund og gott samfélag.

Systur sáu um söngatriði og sögðu frá íslenskum jólasíðum og allar kynntum við okkur. Gestirnir okkar, sem voru af ýmsum þjóðernum, sögðu frá því brosandí, að mennirnir þeirra sem flestir eru Ítalir hefðu unnið víða um heim og þá á stundum tekið eitthvað með sér heim til minningar um dvölinu og áttu þær þá við sig sjálfar. Borð svignuðu undan kaffi og kökum að hætti



Þója Ársystur



Guðný Hinriksdóttir, Ragna Guðbrandsdóttir klúbbsystir og frá foreldrahúsi og Þórdís Sigurðardóttir frá foreldrahúsi

til að halda námskeið fyrir foreldra og börn, en ein Árbæjarsystra hefur unnið að þeim. Kvöldið var einstaklega vel heppnað og frést hefur, að margir gestir hafi þegar óskað eftir boði á næsta vinkvennakvöld. Við lukum síðan árinu með afhendingu 12 veglegra matarkarfa sem sóknarprestur Árbæjarkirkju Þór Hauksson veitti viðtöku fyrir hönd bágstaddra sóknarbarna sinna.

Með systrakveðju
f.h. Soroptimistaklúbbs Árbæjar
Kristjana Jónsdóttir ritari.

Vötnin kvik

Jónína Guðnadóttir sýnir lágmyndir og innsetningu í Hafnarborg

Laugardaginn 5. mars var opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, sýning Jónínu Guðnadóttur, „Vötnin kvik“. Jónína er ein af stofnfélögnum í Soroptimistaklúbbi Hafnarfjarðar og Garðabæjar og hefur hún verið mjög virk í starfi Soroptimista.



Jónína er menntuð við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og Konstfack í Stokkhólmi. Hún hefur tekið þátt í samsýningum og haldið margar einkasýningar. Verk eftir Jónínu eru m.a. í eigu Listasafn Íslands, Hafnarborgar, Listasafns Kópavogs, Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Akureyrar.

Í texta eftir Jón Proppé í sýningarskrá segir m.a.: „Vötnin kvik er hvorttveggja ögn dularfullri en undanfarnar sýningar og líka hispurslausari. Allt myndmálið, ef svo má að orði komast, er enn meira leikandi en áður og unnið af frjálslegu öryggi. En í verkunum er fjallað um ögn og dulúð þótt á heildinni sé líka bein og gagnrýnin tilvísun í vandamál samtíðarmenningarinnar. Öll verkin á sýningunni - eðlur, slöngur, fossar og ristar - eru tæknilega séð magnaðir gripir. Vald Jónínu á leirnum og möguleikum hans ræður því að gripir hennar hafa margfalt fleiri blæbrigði en gengur og gerist.“

Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga frá kl. 11 til 17 og henni lýkur 4. apríl. Heimasíða Jónínu er www.jonina.is

taklúbbi Austurlands

austfirskra systra. Börnin máttu lítið vera að því að smakka á kræsingunum þar sem þau voru upptekin af því að kynna nýjum leikfélögum. Ekki virtist vera um að ræða neina tungumálaerfiðleika í samskiptum þeirra.

Leiðindaskjóða, systir jólasveinanna, var komin til byggða á undan bræðrum sínum og færði börnunum glaðning.

Allar vorum við ánægðar með heim-sóknina og eigum við nú heimboð í Kárahnjúka þegar varar.

Sr. Jóhanna Sigmarsdóttir, formaður.



Á fundi í nóvember afhenti Soroptimistaklúbbur Austurlands, Hauki Haukssyni sem er forstöðumaður „Hússins“ sem er ungmennahús fyrir 16-25 ára, myndarlega peninggjöf til tækjakaupa. Á myndinni er stjórn Soroptimistaklúbbs Austurlands og Haukur Hauksson forstöðumaður.



Á klúbbfundum 2. febrúar voru teknar inn í klúbbinn 3 nýjar systur en þær eru frá vinstri: Ásdís Benediktsdóttir, verslunarmaður, Seyðisfirði, Ingibjörg Arnardóttir, lyfjafræðingur og Ólóf Björk Bragadóttir, myndlistarmaður báðar búsettar á Egilsstöðum.

Vistvernd í verki á Snæfellsnesi



Við Bryndís Þórisdóttir, verkefnisstjóri fyrir Vistvernd í verki hjá Landvernd, lögðum af stað úr bænum um kl. 16 þ. 8. febrúar 2005. Eftir miklar bollaleggingar förum við á litla, sparneytna Yarisnum vegna þess að hann er svo góður í hálkunni, fremur en á stóra landbúnaðartækinu sem eyðir þreföldu eldsneyti á við þann litla. Vegagerðin lýsti færðinni svo að búast mætti við hálfu og hálkublettum. Okkur gekk vel vestur þótt við stoppuðum tvisvar til að sprauta tjöruleysi á dekkinn og til að næra okkur í sjoppu. Það var sannarlega hált og vegurinn glampaði í sólskininu. Á leiðinni upp brekkuna á Fróðárheiðinni ákváðum við að ekki væri fýsilegt að fara hana niður í móti. Réttara væri að fara leiðina á norðanverðu nesinu til baka.

Til Ólafsvíkur komum við um einu akademísku korteri of seint, en sem betur fer virtust systurnar í Sorptimistaklúbbs Snæfellsness ekkert taka eftir því heldur fögnuðu okkur og vísuðu okkur til sætis því dagskráin skyldi byrja á kvöldmat. Það fannst okkur Bryndísi harla gott. Fram var borin dýrindissúpa a la Drífa, með ítölskum keim og brauði.

Eftir kvöldmatinn var settur fundur í Sorptimistaklúbbs Snæfellsness og honum lokið skömmu síðar. Tilgangur með ferð okkar Bryndísar vestur var að kynna Vistvernd í verki og halda

upphafsfund fyrir einn eða tvo hópa. Á sinn ljúfmannlega hátt sagði Bryndís frá Vistvernd í verki, hvernig það varð til, hver tilgangur þess sé og hvernig starfið í hópnum er. Er ekki að orðlengja það að Sorptimista systur í Snæfellsnesklúbbs mynduðu tvo hópa. Þeir heita Aðhaldshópurinn og Sorpur. Þær settu upp fundaskrá og eru tilbúnar í slaginn. Búist er við að lokafundur verði síðari hluta apríl. Allt gekk þetta á met tíma. Bryndís hafði orð á því á leiðinni til baka þegar við vorum orðnar einar hvað þetta hafi gengið vel. „Venjulega þarf ég að taka mikinn tíma til að lýsa verkefninu til að kveikja áhuga“ sagði hún, „en þær voru áhugasamar strax í upphafi“.

Við kvóddum systurnar um kl. 22 og lögðum af stað inneftir (=austur eftir Snæfellsnesi að norðanverðu). Nokkrar systur í klúbbsnum búa í Staðarsveit sem er sunnan við Fjallið. Þær ætluðu að fara yfir Fróðárheiði, hugrakkar konur. Það var byrjað að snjóa en þó ekki mjög þétt. Að minnsta kosti hættum við við að leita gistingar hjá tengdamömmu minni sem býr í Grundarfirði. Ég átti reyndar eftir að sjá eftir því þegar við vorum komnar inn í Helgafellssveit og snjókomann orðin svo þétt að ökuhraðinn var orðin lítið hraðari en gönguhraði. Það er komin brú yfir Kolgrafarfjörðinn sem stytir leiðina heilmikið. En svo var hriðin þétt að ég

er ekki viss hvort við fórum brúna, en það hlýtur að vera vegna þess að við vorum allt í einu komnar á vegamótin að Vatnaleið. Ég vonaði að snjókomann minnkaði þegar suður á fjallið kæmi og það var reyndin, en í staðinn fór að skafa á há heiðinni (leiðinni) og hélt ég að við færum ekki lengra. Bryndís var búin að taka eftir því að farsíminn hennar var ekki nærri alltaf í sambandi, en hún var með Vöðafón og hélt að Síminn væri betri og bjóst náttúrulega við að ég væri með gemsa frá Símanum, sem ekki var raunin. Hvað gerum við ef við stoppum uppi á miðri heiði símasambandslausar? Við hefðum náttúrulega átt að láta vita af okkur meðan við enn höfðum samband nálægt Grundarfirði og að senda ætti eftir okkur leitarflokk ef við værum ekki búnar að láta vita af okkur innan ákveðins tíma. En fyrst við vorum ekki svona fyrirbyggjussamar vorum við uppá okkur einar komnar og urðum að bjarga okkur niður í byggð. Þvílíkar hetjur sem við erum! Ekki er að undra að við komumst alla leið til byggða og heim í bæli nokkru eftir miðnætti. Systurnar úr Staðarsveitinni hafa eflaust komist klakklaust yfir Fróðárheiði. Það kom alla vega ekki frétt í fjölmiðlum um að 3 konur hafi orðið veðurtepptar uppi á Fróðárheiði.

*Laufey B. Hannesdóttir
Verkefnastjóri umhverfismála SI/I*

Tækifæriskort Sorptimistaklúbbs Akureyrar

Sorptimistaklúbbs Akureyrar gefur út afar falleg tækifæriskort. Myndirnar á kortunum eru eftir Bryndísi Arnardóttur, Billu, listakonunni úr Klúbbsnum. Annað kortið er í bláum litum og heitir: Svartur svanur. Hitt er í ljósum litum og heitir: Hvítur svanur. Stærð kortanna er 71/2 x 21 cm. Enginn prentaður texti er á kortinu, en merki samtakanna og mynd af listakonunni á bakhliðinni. Þau eru seld 6 saman í pakka,- 3 af hvorum lit,- á 900 kr. og 10 í pakka,- 5 af hvorum lit,- á 1500 kr. Allur ágóði rennur til líknarmála. Það er von okkar að kortin veki áhuga ykkar og hrifningu.

Elsa Björnsdóttir, símar: 462-2324 og 864-2324
Netfang: elsabj@simnet.is

Músamottur Sorptimistaklúbbs Akureyrar


Kæru systur.

Við viljum minna á fallegu músamottunni okkar, með Sorptimistamerkinu á. Þær eru tilvaldar til gjafa, þægilegar og léttar í umslagið, t.d. til systra í útlöndum.

Athugið! Erum búnar að lækka verðið. Aðeins 600 kr. mottan.

Signý Jónsdóttir,
Símar 466-3365 og 663-2525.
Netfang: signy@nett.is

Uppskipting félagsgjalds kr. 7.500



Nýjar systur í Kópavogsklúbbi

Tvær nýjar systur bættust í Kópavogsklubb í vetur, þær Erla Alexandersdóttir og Amal Tamimi.

Erla er tækniteiknari að mennt, en starfar ekki lengur sem slíkur. Hún og maður hennar reka eigið fyrirtæki Ísastál á Skemmuvegi, sem er véla- og járnsmíðaverkstæði. Erla hefur verið meðlimur í Samkór Kópavogs í

25 ár og er nú við nám í Söngskólanum í Reykjavík að taka 6. stig. Hún spilar einnig á gítar.

Amal er félagsfræðingur frá Háskóla Íslands og starfar hjá Alþjóðahúsi. Amal er Palestínarabi og bjó í Jerúsalem þar til hún fluttist til Íslands fyrir 10 árum. Hér á Íslandi hefur Amal verið virk í starfi



innflytjenda og í Félagi erlendra kvenna, en þar er hún í stjórn. Amal hefur einnig haldið námskeið um konur og Islam og um menningarfærni fyrir erlendar konur á Íslandi.

Amal og Erla eru báðar mjög jákvæðir einstaklingar og hressar, þær eru því góð viðbót við góðan klubb. Kópavogssystur bjóða þær hjartanlega velkomnar.





N| g > ngx&omg &akxg

/kn'g'^a 'A'zx'g 'dt gE

R' zz' ' xg{s gt g'^A zgyz' k 'Yy|gro

1 | 'E'ks 'a 'an'g'g 'ds z' dt 'ka 's {t 'ak'ak'
 s " n' ik'gt 'ka 'g 'g'ds z' g' xg{s gt g'^A zgyz'R'Yy|gr
 D'ik'E'yyvgt g { 'v'g'yp' y'a y'ka'g'{ y'ko 'E'oa' m'ar
 g ' ' p'ngnykn' 'E'ma' 'ka's ' ' p't {y'{ m'a' g'v'g'3
 y' y'a y'ap'ivg'^m'o 'g ' 'kn'g'ak't z' ng'| " ~z' t g'ko 4

Nkryz 'quyz'R'Yy|gry

- Kt m' 'vvngly/ Yqt {t
- M' '| " ~z't
- Yvgt g { x'ak'j { x'o 'x'q{
- Y|k'ngt ik'g'g'lyuq
- Y"s { 'ym'A ' 'ka's
- Yvgt g { x't 'ka'lyz

